# PÚLSINN








SKÓLABLAÐ GRUNDASKÓLA

1. tbl. - 9. árg.


Frelsi
FYLLTU Á SÍMAFRELSIÐ Í
HEIMABANKANUM ÞÍNUM Á NETINU

Guðbjartur Hannesson, skólastjóri:

# Metnaðarfullt skólastarf



Kæru lesendur!

Grundaskóli er orðinn einsetinn, lokaáfangi byggingaframkvæmda í höfn. Skólinn hefur fengið stórbætta aðstöðu fyrir kennslu, ráðgjöf og heilsugæslu auk þess sem tölvukostur fyrir nemendur hefur batnað umtalsvert. Skólanum er nú skipt upp í þrjár deildir, yngsta stig, miðstig og unglingastig og stjórna deildarstjórar hverri deild. Langþráðum áfanga er náð. Það er ábyrgð okkar sem hér störfum að nýta bætta aðstöðu til enn betri árangurs í skólastarfinu, að skipuleggja stjórnun og rekstur skólans þannig að hámarksárangur náist. En hvað er góður árangur? Hvaða mælikvarða skal nota til að meta árangur skólans eða nemenda? Höfum við öll sömu sýn á hvað er árangursríkt skólastarf? Hvernig hjálpum við nemendum til að njóta skólagöngunnar og nýta hana sem best?

Hver skóli á samkvæmt grunnskólalögum að móta sér eigið sjálfsmatskerfi. Ákveða skal hvernig haga ber innra starfi skólans, hvernig það skal metið og hvernig veita á nemendum, foreldrum, bæjaryfirvöldum og öðrum er tengjast skólastarfinu upplýsingar um skólastarfið. Menntamálaráðuneytið á að fylgjast með hvernig þessu sjálfsmati skólans er háttað og var gerð úttekt á því nú í byrjun árs. Endanleg skýrsla liggur ekki fyrir en ljóst er að Grundaskóli þarf að gera ítarlegri áætlun og skrifa formlega matsskýrslu árlega, en um leið er viðurkennt að mjög öflugt mat á flestum þáttum skólastarfsins eigi sér stað.

Allt frá upphafi hefur skólinn lagt mikla áherslu á að góð líðan, gagnkvæm virðing nemenda og starfsfólks og gott samstarf við foreldra séu forsendur árangurs. Við leggjum einnig áherslu á fjölbreyttar kennsluaðferðir og kennslu við hæfi hvers og eins. En hvernig mælum við árangur þessarar stefnu? Ef litið er á gengi nemenda í framhaldsnámi og jafnvel öðrum þáttum að loknu grunnskólanámi s.s. líðan og reglusemi, þá er spurningin hvað má


**PÚLSINN**

Skólablað

Grundaskóla, Akranesi

***Ábm.:***

Guðbjartur Hannesson

***Umsjón með útgáfu:***

Karl Hallgrímsson og Einar Viðarsson

***Prentvinnsla:***

Prentverk Akraness hf.





**Heimsíða Grundaskóla:**

www.skolatorg.is/kerfi/grundaskoli

**Netfang Grundaskóla:**

grundaskoli@grundaskoli.is






rekja til skólans og hvað til heimilanna? Sífellt er verið að meta skólastarf Grundaskóla, árangur einstakra nemenda, bekkjardeilda eða árganga. Samræmd próf, sem mest fer fyrir í mati á skóla, mæla að flestra áliti afar takmarkaðan hluta af markmiðum skólastarfsins. Þau geta beinlínis verið varasöm sem ofmetinn mælikvarði. Ofuráhersla á prófin getur leitt til skipbrots eða vonleysis margra einstaklinga. Ég nefni þetta hér vegna þess að við komumst ekki hjá því við gerð ítarlegrar sjálfsmatsáætlunar fyrir Grundaskóla að skerpa markmiðin og um leið ákveða hvernig árangur skólans skuli mældur og metinn.

Nú þegar erum við farin að safna skipulega upplýsingum um skólastarfið, skrá niðurstöður foreldraviðtala, mæla árangur með ýmsum mælikvörðum s.s. hreyfiþroskaprófum og ýmis konar lestrar- og þroskakönnunum. Við leggjum á tveggja ára fresti fyrir eineltiskönnun og svo eru árlega samræmd próf í 4., 7. og 10. bekk. Formlegar kannanir úr svokölluðum Grunn-skólarýni hafa verið lagðar fyrir starfsmenn og nú síðast einnig könnun fyrir foreldra 10. bekkinga. Í vor verður einnig gerð könnun meðal ákveðinna árganga nemenda.

Foreldrar geta þegar séð niðurstöðu foreldrakönnunar á heimasíðu skólans og í sumar birtum við skýrslu um helstu styrkleika og hvað betur mætti fara í skólastarfinu.

Það er mikilvægt að sýna viðleitni til að gera sífellt betur og grunnurinn að starfi okkar þarf ávallt að vera metnaður til að gera eins vel og við getum. Þar á ég við nemendur, starfsfólk, foreldra og bæjaryfirvöld. Það er byggt á einlægum óskum um betri árangur fyrir hvern og einn miðað við hæfileika og getu.

Allar mælingar sýna að Grundaskóli nýtur trausts, virðingar og almennrar viðurkenningar í samfélaginu. Við vitum engu að síður að þeir eru of margir sem ekki nýta sér skólann sem skyldi, og nokkrir sem verða undir í baráttunni hér af ýmsum ástæðum. Við þurfum stöðugt að leita leiða til að gera betur.

Metnaðarfullt skólastarf, byggt á samvinnu allra aðila og góðri líðan verður ávallt markmiðið. Veita verður öllum, þeim betur settu jafnt og þeim sem einhverra hluta vegna mega sín minna, jöfn tækifæri til að nýta hæfileika sína.

Um leið og við heitum því að gera sífellt betur færi ég kærar þakkir til allra starfsmanna fyrir frábær störf, frumkvæði og dugnað, til nemenda fyrir þeirra jákvæða viðhorf til skólans og til foreldra fyrir gott samstarf.

# *Frá ritstjórn*

*Haustið 2002 gengu í garð nokkuð viðamiklar breytingar á valkerfi unglingadeildarinnar í Grundaskóla. Afleiðingar þeirra urðu meðal annarra þær að rúmlega fjörutíu nemendur voru skráðir á valnámskeið að hausti sem hét blaðaútgáfa. Umsjón með hópunum höfðu Einar Viðarsson og Karl Hallgrímsson. Þeim leist illa á að skrifa Púlsinn með svo stórum hópi blaðamanna og reyndu þess í stað að þjálfa upp góða blaðamenn með því að kenna þeim mismunandi aðferðir við heimildaöflun, textavinnslu og frágang texta og mynda. Meginhluti ritstjórnar Púlsins 2003 eru nemendur úr þessum hópi. Auk umsjónarmannanna tveggja skipa ritstjórnina:*

*Valgerður Valgeirsdóttir*
*Íris Bjarnadóttir*
*Steinar Helgason*
*Aron Daníelsson*
*Edit Ómarsdóttir*
*Lára Hólm Heimisdóttir*
*Agla Harðardóttir*

*Mikið ber á efni tengdu unglingunum í skólanum en engu að síður er efni um leik og starf nemenda og starfsfólks af öllum aldursstigum. Þannig vonum við að okkur takist að endurspegla samfélag Grundaskóla. Því útkoman á að vera mynd af skólanum okkar sem við viljum sýna lesendum blaðsins.*

*Margar ljósmyndir eru í blaðinu. Sumar þeirra höfum við í ritstjórninni tekið sérstaklega fyrir útgáfuna en aðrar hafa nemendur og starfsfólk skólans tekið við ýmis tækifæri og þökkum við þeim fyrir að leyfa okkur að birta þær hér í Púlsinum. Myndirnar úr Frelsi í miðopnu tók Ágústa Friðriksdóttir.*

# Útileikir

## Nýtt skipulag frímínútna í 1. - 4. bekk Grundaskóla



Í vetur var sú nýbreytni tekin upp í frímínútum hjá yngstu nemendum skólans að tvisvar í viku voru skipulagðar leikjafrímínútur. Nemendur eru 40 mínútur í einu í frímínútum og eru kennarar og stuðningsfulltrúar með þeim í ýmsum útileikjum.

Skipulagið er í grófum dráttum það að útbúið er 6 vikna plan þar sem hver bekkur er á ákveðnu svæði á skólalóðinni í ákveðnum leikjum undir stjórn kennara og stuðningsfulltrúa. Útbúin hafa verið leikjaspjöld með útskýringum á leikjunum og reglur þeirra voru staðfærðar að nemendum 1. - 4. bekkjar.




Frumkvæðið að þessari vinnu höfðu Ursula Ragna Ásgrímsdóttir og Hildur Karen Aðalsteinsdóttir en þetta skipulag var efni í lokaverkefni þeirra við Kennaraháskóla Íslands. Markmiðið var að komast að því hvernig nýta mætti frímínútur betur í skólastarfinu og benda á leiðir til að auka vægi þeirra í hreyfi- og félagsþroska barnanna. Það þykir nefnilega sannað að þau börn sem hreyfa sig reglulega sýni betri námsárangur og hafa meira úthald til náms.

Það er gaman að sjá hve börnin eru fljót að tileinka sér leikina og hve áhugasöm þau eru. Þá daga sem leikir eru ekki skipulagðir hafa mörg barnanna haft frumkvæði að því að stjórna og skipuleggja sjálf hvaða leiki fara á í.

Mikil breyting hefur orðið á leik barna í frímínútum og nýtast þær nú mun betur til útiveru og hreyfingar en áður. Kennarar og börn merkja að það er munur á hegðun barnanna þegar skipulagðir leikir eru í boði. Þá er einnig mun minna um árekstra og stríðni og þar af leiðandi fer minni tími í að jafna ágreining eftir að inn er komið.



Skólastjórn Grundaskóla og kennarar á yngsta stigi skólans veittu dyggan stuðning við framkvæmd leikjafrímínútnanna og eru þeim færðar þakkir fyrir áhugann, hjálpina og þolinmæðina.

Hrönn Ríkharðsdóttir, aðstoðarskólastjóri:

# Skólastarf Grundaskóla 2002 - 2003



Grundaskóli var settur föstudaginn 23. ágúst 2002 en vegna byggingaframkvæmda við skólann hófst kennsla ekki fyrr en miðvikudaginn 28. ágúst. 469 nemendur hófu nám við skólann í ágúst í 23 bekkjardeildum. Kennarar eru samtals 43 auk skólastjóra og aðstoðarskólastjóra, aðrir starfsmenn eru samtals 27.

### *Nám og starf*

Grundaskóli er í fyrsta sinn í vetur einsetinn. Einsetning þýðir meðal annars að allir nemendur koma í skólann á sama tíma og geta verið samtímis í skólanum. Sérhver bekkjardeild hefur sína heimastofu. En einsetning felur líka í sér verulega breytta vinnuaðstöðu fyrir nemendur og þægindi fyrir foreldra. Og vissulega er hún til bóta fyrir kennara og skólastarf almennt. Sú ákvörðun hefur verið tekin að skólinn hefjist kl. 08.00. Það þýðir að allir nemendur koma á sama tíma en ekki að allir séu búnir í skólanum á sama tíma því að skv. Aðalnámskrá grunnskóla er kennslustundafjöldi á viku mismunandi eftir aldursstigum. Þetta leiðir það af sér að nemendur þurfa sjaldan eða aldrei að koma að heiman í einstaka kennslustundir líkt og verið hefur. Fram til þessa hafa nemendur í Grundaskóla þurft að sækja heimilisfræði, sund og flesta íþróttatíma hinum megin við hádegið eins og kallað var.



Skólastarf hefur að mestu verið með venjubundnum hætti. Hér mun aðeins minnst á nokkra þætti en nauðsynlegt að taka fram að af mörgu er að taka og enginn dómur lagður á mikilvægi verkefna. Mörg skemmtileg og spennandi viðfangsefni verða ekki nefnd hér.

Brúum bilið, samstarfsverkefni grunnskóla og leikskóla, var haldið áfram, enda ákaflega spennandi og gott starf sem fer fram þar. Stóra upplestrarkeppnin með þátttöku nemenda í 7. bekk var í febrúar og


**Eftirtaldir viðskiptaaðilar skólans styrktu útgáfu blaðsins**

NORÐURÁL
NORDIC ALUMINUM

Blikkverk sf.

PK lagnir

Jónatan Pálsson
málarameistari

VÍS

mars, nemendum og kennurum þeirra til mikils sóma.

Svokallaðir sögurammar eða þemabundin verkefni eru í mjög mörgum árgöngum. Á yngsta stigi hefur t.d. verið unnið með verkefni eins og „Um mig" og verkefni um heit og köld lönd. 6. bekkur hefur fjallað um fuglabjargið, Norðurlönd og núna er verkefni um Snorra Sturluson í undirbúningi. 7. bekkur vann með Evrópu. 9. bekkur stóð fyrir sjávarútvegsþema með miklum glæsibrag. Afrakstur þessara verkefna skreyta síðan veggi skólans tímabundið. Í flestum tilvikum eru verkefnin kynnt fyrir foreldrum í lokin.

Nemendur í unglingadeild tóku þátt í stærðfræðikeppni framhaldsskóla. Nokkrir nemendur stóðu sig með miklum ágætum.

### *Félagslíf*

Árshátíð skólans sem fór fram í síðustu viku marsmánaðar. Viðfangsefnið var „Vinátta - sumar og sól". Léttleiki, gleði, dans og söngur voru ríkjandi. Eins og ávallt liggur mikil vinna að baki sýningunum. Allir nemendur í 1. - 7. bekk eru þátttakendur með einum eða öðrum hætti, en þátttaka unglinganna er með öðru sniði. Nemendur í 9. bekk sýndu t.d. leikgerð smásögunnar Sjóarinn og hafmeyjan eftir Andra Snæ Magnason.

Hæfileikakeppni beggja grunnskólanna fór fram í nóvember og var öllum sem að henni stóðu til mikils sóma. Nemendur leggja á sig mikla vinnu við undirbúning



og sýna oft á tíðum ótrúlega fjölbreytni í vali á viðfangsefnum. Hátónsbarkakeppnin fór fram samhliða.

Ekki verður skilið við félagslíf Grundaskóla án þess að minnast á þann atburð sem í hugum flestra ber hæst í félagslífi þessa skólaárs en það er söngleikurinn Frelsi eftir Flosa Einarsson og Gunnar Sturlu Hervarsson, kennara við Grundaskóla. Undirbúningur hófst strax á haustdögum en stóð sem hæst í janúar með frumsýningu 1. febrúar.



Mikill fjöldi nemenda tók þátt í sýningunni með ýmsum hætti. Foreldrar tóku virkan þátt í undirbúningi með margvíslegum hætti og var framlag þeirra ómetanlegt.

Eins og flestum er kunnugt fóru viðtökur langt fram úr björtustu vonum aðstandenda. Samtals voru 14 sýningar og uppselt á þær allar. Geisladiskur með lögum úr söngleiknum var seldur í hundruðum eintaka.



Ekki þarf að fjölyrða um gildi Frelsis fyrir Grundaskóla. Hróður skólans flyst víða, nemendur læra mikið og stemmningin sem skapast er frábær. Ekki er ofsögum sagt að lögin úr Frelsi hafi hljómað á flestum heimilum á Akranesi í febrúarmánuði. En síðast en ekki síst sýnir svona verkefni okkur betur en nokkuð annað hvers við erum megnug ef við stöndum saman og hversu ótrúlegir unglingarnir okkar eru í raun og veru.

# Hreyfistund í 1. og 2. bekk

Nemendur 1. og 2. bekkjar fá hreyfistund í einu sinni í viku, 30 mínútur í senn. Kennslan fer fram á sal Grundaskóla undir stjórn Hildar Karenar Aðalsteinsdóttur. Umsjónarkennarar fylgja nemendum sínum í tímana og eru til aðstoðar.

Tilgangur með hreyfiþjálfun barna er að efla líkamsþroska og bæta heilsufar, vekja hjá þeim áhuga á reglubundinni þjálfun og mikilvægi heilbrigðs lífernis.

Eitt af aðalmarkmiðum hreyfistundar er að nemendur upplifi gleði og ánægju af þátttöku í leikjum og leikrænum æfingum. Þegar því er náð er áhuginn kviknaður og meiri líkur á því að nemendur stundi sjálfir einhverja líkamsrækt þegar fram í sækir. Börnunum þarf að líða vel og upplifa hreyfingu sem jákvæðan hlut sem síðar verður sjálfsagður hluti daglegs lífs.

Mikil áhersla er lögð á að nemendur læri að slaka á og læra þeir ýmsar leiðir og æfingar til þess. Með slökun er m.a. leitast við að draga úr spennu en talið er að snerting og nudd verki á móti streitu. Einnig er mikil áhersla lögð á samvinnu og tillitsemi. Áhersla er á heilbrigt líferni og mikilvægi þess að hreyfa sig á hverjum degi. Unnið er markvisst með helstu líkamsheiti og mikilvægi þess að beita líkamanum rétt og stunda hléæfingar.







## Prinsessu-saga

Einu sinni var lítil stúlka sem átti heima í höll. Hún var lítil með ljóst hár. Hún var konungsdóttir. Hún var mjög rík. Hún átti hund. Hún var mjög góð prinsessa. Öllum þótti vænt um hana. Það var einu sinni stormur og snjór. Hún var týnd. Þá kom norn og lét álög á hana. Hún kom svo í keisarahöllina rennandi blaut. Endir.

***Margrét Sigríður Jóhannesdóttir 2.SI***

## Hundasaga

Einu sinni var hundur í dýrabúð og svo kom kona og keypti hann í afmælisgjöf handa dóttur sinni. Þetta var óvæntasta gjöfin hennar. Daginn eftir lék hún sér allan daginn með honum. Endir.

***Silvía Sif Ólafsdóttir 2.SI***

Árshátíð Grundaskóla:

# *Vinátta, sumar og sól*



Árshátíð Grundaskóla 2003 var haldin 26. og 27. mars. Þema hátíðarinnar var vinátta, sumar og sól. Gangar skólans voru skreyttir regnboga, blómum, fiðrildum og öðru sem kom gestum hátíðarinnar í réttu stemninguna fyrir skemmtiatriðin, sem voru fjölbreytt og skemmtileg. Hér má líta myndir af árshátíðinni.

















# *Í sparifötunum*

Árshátíð grunnskólanna og Arnardals



Félagsmiðstöðin Arnardalur og nemendur unglingadeildanna í Brekkubæjarskóla og Grundaskóla héldu árshátíð í mars. Unglingarnir mættu í sínu fínasta pússi í sal Grundaskóla þar sem boðið var upp á góðan mat og fjölbreytt skemmtiatriði. Starfsmenn Arnardals og kennarar unglinganna þjónuðu til borðs. Að skemmtuninni lokinni lék hljómsveitin Írafár fyrir dansi.





## EFTIRTALDIR AÐILAR STYRKJA ÚTGÁFU ÞESSA BLAÐS

Bjarmar
JGR-Heildverslun
Skaginn hf
Vélsmiðja Ólafs R. Guðjónssonar.
I.Á. Hönnun ehf.
Trésmiðja Þráins E. Gíslasonar
Café 67
Fjölbrautaskóli Vesturlands
Gísli Jónsson
Hópferðabílar Reynis Jóhannssonar ehf.
Harðarbakarí
Café Mörk
Brautin ehf. Bifreiðaverkstæði - Bílaleiga
Verslunin Bjarg ehf.
Trésmiðjan Akur ehf.
Sýslumaðurinn á Akranesi
Lögfræðistofa Vesturlands ehf.
Sjúkraþjálfun Georgs V. Janussonar
Mozart
Steðji ehf.
Pípulagningarþjónustan
Fasteignasalan Hákot ehf.
Lögmannsstofa Tryggva Bjarnasonar
Bílaverkstæði Hjalta ehf.
HM-Pípulagnir
Hárstíll ehf.
Hrói Höttur
Nótastöðin
Híbýlamálun Garðars Jónssonar ehf.
LG sf.
Nettó Akranesi
Ökukennsla Viðars Einarssonar
Haraldur Böðvarsson hf.
Hárhús Kötlu
Safnasvæðið Akranesi
Rafnes - Matthías Hallgrímsson
Brauða- og kökugerðin
BÓB
Íslandsbanki
Lyf og heilsa
Smurstöðin
Þorgeir og Helgi hf.
Skagaver
Bókasafn Akraness
Skaginn hf.


*Loftorka Borgarnesi ehf. óskar æsku Akraness og öðrum Akurnesingum til hamingju með viðbyggingu Grundaskóla og Brekkubæjarskóla og þakkar góð samskipti.*

LOFT ORKA

# Vígsla nýbyggingar Grundaskóla



Föstudaginn 4. október var nýbygging Grundaskóla formlega vígð. Dagskrá var á sal skólans fyrir alla starfsmenn og nemendur skólans, verktaka og fulltrúa foreldra, bæjaryfirvöld og aðra gesti.

Skólastjórar tóku formlega við lykli að nýbyggingunni úr hendi forseta bæjarstjórnar og framkvæmdanefndin afhenti nemendafulltrúum allra árganga „álf" til að minna nemendur á að nýta vel og ganga vel um bygginguna. Nemendur gáfu skólanum sex fána með merki skólans, fána sem hægt er að flagga alla skóladaga, foreldrar gáfu skrautritað erindi úr Hávamálum og fallegar kveðjur bárust frá leikskólunum Garðaseli og Vallarseli.



Nýbyggingin er gott kennsluhús og þar fer nú fram öflugt skólastarf. Loftorka í Borgarnesi byggði húsið og færir Grundaskóli starfsfólki þess fyrirtækis bestu þakkir fyrir vel unnið verk.




Lága verðið léttir lífið

**VERSLUNIN EINAR ÓLAFSSON**

Skagabraut 9-11 - Sími 431 2015 og 431 1015

# Var nettur nörd

## Viðtal við Flosa Einarsson, kennara

Þótt nýtt starfsfólk komi til starfa við Grundaskóla árlega er ákveðinn kjarni sem hefur starfað við skólann árum saman. Einn kennaranna úr þeim hópi er Flosi Einarsson. Krakkarnir í unglingadeildinni þekkja hann vel, því hann hefur yfirleitt kennt þeim tónmennt árum saman þegar þau hitta hann svo í unglingadeildinni þar sem hann hefur oft haft umsjón með einum bekkjanna. Flosi tók því vel þegar Púlsinn leitaði til hans um að svara spurningum um störf hans í Grundaskóla og hann sjálfan.

Við hófum spjallið á því að spyrja hann hvaða þrjú orð lýstu honum best. Hann átti ekki í erfiðleikum með það og svaraði hiklaust: „Fallegur, flottur og föngulegur!" Úr því að hann var í þessum „montgír" þurfti að ná honum niður og við sýndum honum gamlar myndir af honum úr safni skólans og hann sótti sjálfur myndakassa út í bílskúr. Satt best að segja höfðum við sjaldan komist í tæri við annað eins. Þvílíkan þræl tískunnar höfðum við ekki fyrr hitt. En þetta fyrirferðamikla hár og furðulega útlit átti sér reyndar þær skýringar að með kennslunni hafði hann unnið fyrir sér sem hljómborðsleikari í vinsælli danshljómsveit. Við höfðum greinilega um nóg að spyrja. Fyrst báðum við hann um að rekja fyrir okkur náms- og starfsferilinn.



*Þetta þótti einu sinni töff!*




*Í stuði með Abbababb!*

Ég er fæddur 1961 á Akranesi og því Skagamaður í húð og hár (alla vega húð!). Ég fór í gegnum skólana hér, Barnaskóla Akraness, Gagnfræðaskóla Akraness og Fjölbrautaskóla Vesturlands. Ég stundaði einnig nám við Tónlistarskóla Akraness því tónlistaráhug-



## Poppari og pípari

Grundaskóli hóf starf við sérkennilegar aðstæður 1981, þar sem 7 bekkjardeildir deildu 3 kennslustofum, kennt var á ganginum og kennararnir höfðu kaffistofu á sama stað.

Þessi aðstaða var á hluta efri hæðar fyrstu byggingar skólans en á meðan á kennslu stóð unnu iðnaðarmenn hörðum höndum við að innrétta fleiri kennslustofur á hæðinni. Hamarshögg, borhljóð og ryk voru hluti af skóladeginum.

Þegar dró að jólum á einu af fyrstu skólaárunum vantaði okkur tilfinnanlega undirleikara fyrir litlu jólin. Einn af poppurum bæjarins og mjög liðtækur píanisti reyndist vera einn af pípulagningarmönnum í húsinu og var honum kippt frá snittvélinni, hann dreginn úr gallanum, þrifinn og klæddur upp sem hljóðfæraleikari á litlu jólunum. Eitt leiddi af öðru, eftir jólin var þessi ungi maður vélaður í forfallakennslu og fór svo að hann kenndi við Grundaskóla eftir jól þennan vetur. Áform um nám í sjúkraþjálfun breyttust í nám í Kennaraháskólanum þar sem valsviðið var tónmennt og að loknu náminu varð nýútskrifaður kennarinn umsjónarkennari og tónmenntakennari við Grundaskóla og hefur hann verið hér síðan, sem einn okkar farsælasti kennari.

Popparinn - píparinn og kennarinn er okkar ástsæli Flosi Einarsson. Við og krakkarnir erum ævarandi þakklát fyrir að Flosi valdi kennsluna og Grundaskóla sem starfsvettvang.



*Hljómsveitin Tíbrá 1985.*

inn kviknaði snemma. Flest allt sem ég hef starfað við lýtur á einhvern hátt að tónlist. Ég hef spilað með nokkrum hljómsveitum þar sem helstar ber að nefna Tíbrá og Abbababb. Einnig hef ég leikið undir hjá nokkrum kórum og mikið starfað með leikfélögum bæjarins sem tónlistarstjóri í söngleikjum og svona mætti lengi telja. Ég kenndi á píanó við tónlistarskólann um nokkurra ára skeið en mitt aðalstarf síðan 1986 hefur verið kennslan hérna í Grundaskóla.

*Hverjir eru eftirminnilegustu kennararnir sem kenndu þér?*

Þorgils Stefánsson kenndi mér lengst af í Barnaskólanum og var hann mjög góður kennari. Frá fjölbrautarskólaárunum er Sigurður Hjartarson sennilega eftirminnilegastur því hann lék gjarnan söguhetjurnar í Íslandssögunni sem hann kenndi okkur.

*Hvernig týpa varstu í skóla?*

Ég var svona nettur nörd og var aldrei sendur til skólastjórans.



*Hvað ætlaðir þú að verða þegar þú varst lítill?*

Sennilega ætlaði ég að verða atvinnumaður í fótbolta eins og flestallir Skagamenn. Mig langaði líka til að verða eitthvað í tengslum við tónlist.

*Hvenær er það sem þú byrjar að spila á hljóðfæri?*

Frá því ég man eftir mér glamraði ég á píanóið heima, lék einnig á munnhörpu og blokkflautu þegar ég var lítill. Þegar ég fór síðan í tónlistarskólann fór ég að spila á klarínett sem var mitt aðalhljóðfæri í byrjun. Píanóið varð síðan ofan á þegar ég varð eldri.

*Svo þú spilar á fleiri hljóðfæri en píanó?*

Í dag spila ég örlítið á gítar með píanóinu en kem lítið nálægt öðrum hljóðfærum.

## *Starf umsjónarkennarans langerfiðast*

*Hversu lengi hefur þú starfað við Grundaskóla?*

Ég kláraði Kennaraháskólann vorið 1986 og byrjaði ég strax að



*Þungarokkshljómsveitin Villingarnir 1987.*

kenna í Grundaskóla þá um haustið og hef starfað hér síðan þá að undanskildu skólaárinu 2001-2002 meðan ég var við nám í Boston.

Það eru margar hliðar á kennarastarfinu og okkur skilst að Flosi hafi komið að flestum þeirra. Hann hefur verið umsjónarkennari, tónmenntakennari, enskukennari og píanókennari. Við inntum Flosa eftir muninum á þessum hliðum starfsins.

Það er í sjálfu sér ekki stór munur á þessu. Að vísu er ólíkt að kenna á hljóðfæri þar sem þú hefur bara einn nemanda í einu miðað við heila bekki. Enskukennslu lenti ég nú eiginlega bara í fyrir mörgum árum án þess að langa neitt sérstaklega til þess. Hins vegar finnst mér gaman að kenna ensku núna vegna þess að flestir nemendur gera sér grein fyrir mikilvægi hennar. Tónmenntarkennslan er nú samt mitt uppáhald þar sem ég hef kannski látið mest til mín taka. Ég hef verið svo lánsamur að yfirstjórn Grundaskóla hefur alltaf skilið mikilvægi list- og verkgreina og því hef ég fengið að gera ýmislegt í mínu starfi sem tónmenntarkennarar hafa almennt ekki fengið tækifæri til að gera. Ég hef mikið verið í alls konar þróunarstarfi tengdu tónlist og tölvum og núna seinast á þessu ári fékk gamall draumur að rætast, þ.e. uppsetning á frumsömdum söngleik í Grundaskóla. Að mínu áliti er starf umsjónarkennarans langerfiðast en það getur líka verið mjög gefandi því ef þú ert umsjónarkennari bekkjar í nokkur ár myndast sterk tengsl við nemendur sem aldrei gleymast.

*Hvað er skemmtilegast við kennarastarfið?*

Ég held að það sé fjölbreytni þess. Alltaf eitthvað nýtt að fást við á hverjum degi.

*En hvað er erfiðast?*

Það er margt sem er erfitt í kennarastarfinu. Þú þarft að vera inni í fjölmörgum hlutum og sífellt að vera að endurmennta þig til að halda í við það sem er að gerast hverju sinni. Eins og ég sagði áðan þá tel ég að starf umsjónarkennara sé það sem mest reynir á því fjölmörg vandamál lenda á herðum hans sem hann þarf að leysa og þær úrlausnir eru oft á tíðum býsna krefjandi.



*Katla og Flosi í útlöndum.*

## *Tölvuforritin hætt að hrynja*

*Finnst þér hafa orðið einhverjar breytingar á kennarastarfinu síðan þú byrjaðir að kenna?*

Ég held að kennarastarfið sé alltaf að breytast og til að vera góður kennari þarftu sífellt að vera að tileinka þér nýja hluti. T.d. held ég að allir kennarar í dag þurfi að hafa góða þekkingu á tölvum því að ætlast er til að þær sé nýttar í öllum námsgreinum samkvæmt námskrá.

Ég held að t.d. í tónmenntarkennslu eigi tölvur eftir að koma mikið við sögu í framtíðinni. Nýlega var ég t.d. beðinn um að skrifa námsefni til notkunar í tónmenntarkennslu í efstu bekkjum grunnskólanna og þar eiga tölvur að vera í aðalhlutverki. Það er reyndar fyrst nú sem raunhæft er að fara að nota tölvur í tónlistarkennslu vegna þess að bæði forrit og búnaður eru að verða á viðráðanlegu verði og allt mjög auðvelt í notkun. Þegar ég var fyrst að byrja að nota tölvur í tónmennt voru forritin alltaf að hrynja og gögn að týnast en nú heyrir það nánast sögunni til. Ég hlakka því til að halda áfram við að kenna tónmennt á næstu árum.

*Einhver skemmtileg atvik sem þú manst eftir úr Grundaskóla?*

Það er alltaf eitthvað skemmtilegt að gerast og að sjálfsögðu er mér núna ferskast í minni vinnan við söngleikinn Frelsi þar sem krakkarnir stóðu sig ótrúlega vel og margt spaugilegt gerðist. T.d. þegar við Einar Viðars settum plastfilmuna yfir klósettið, ég segi ekki meir.....

Grundaskóli hefur alltaf verið skemmtilegur og líflegur vinnustaður sem hefur á að skipa metnaðarfullu og frábæru starfsfólki þannig að mjög gott er að starfa hér.

## *Katla, við erum farin!*

*Þú minntist áður á að þú hafir verið við nám í Bandaríkjunum á síðasta skólaári. Hvernig kom það til?*

Ég sótti um launað leyfi til Kennarasambands Íslands sem ég fékk og þá var ekkert annað að gera en að drífa sig út til Boston. Mig hafði lengi langað til að komast í þennan skóla, Berklee College of Music sem er mjög virtur á sviði djasstónlistar. Þar sem ég stóð í forstofunni heima hjá mér með svarið frá KÍ í höndunum snéri ég mér að Kötlu konunni minni og sagði við hana: „ Katla,



við erum farin!" Í Boston lagði ég stund á tónsmíðar í tengslum við kvikmyndir auk þess sem ég var í píanónámi.

Ég var ekki eini meðlimur fjölskyldunnar sem stundaði nám í Boston þennan vetur. Börnin mín, Ylfa og Hallur, gengu í bandaríska grunnskóla. Skólaganga þeirra þar var öðruvísi en þau eru vön í Grundaskóla. Frjálsræði bandarískra barna er mun minna en íslenskra og skólakerfið mun strangara en við eigum að venjast hér. Þar gengur skólinn líka mest út á vísindagreinar og sögu en list- og verkgreinar eru ekki í hávegum hafðar. Það voru einna helst þær greinar sem krakkarnir mínir sóknuðu úr Grundaskóla. Þetta var hins vegar frábær reynsla fyrir þau og reyndar alla fjölskylduna. Við kynntumst allt annarri menningu heldur en við þekkjum hér á Íslandi þar sem úir og grúir af fólki af mismunandi þjóðerni. Við þær aðstæður reyndi á aðlögunarhæfni okkar og Ylfa og Hallur eru eflaust umburðarlyndari og víðsýnni eftir dvölina. Allir sem tök hafa á ættu að prófa ef tækifæri gæfist fyrir slíkt ævintýri.

### *Byrjaði í hljómsveit í 9. bekk*

Hér segjum við skilið við kennarann og spyrjum Flosa um áhugamál hans. Við byrjum á tónlistinni.

*Geturðu sagt okkur frá þeim hljómsveitum sem þú hefur starfað með?*

Þegar ég var í 9. bekk byrjaði ég í hljómsveit sem fljótlega hlaut nafnið Tíbrá (1976). Við vorum allir á sama aldrinum nema gítarleikarinn sem var tveimur árum yngri. Við höfðum aðstöðu í Gagnfræðaskólanum (núverandi Fjölbraut) og æfðum mikið. Satt að segja gerðum við lítið annað en það. Ég man að allir peningar okkar fóru í hljóðfæri og magnara. Fyrstu árin spiluðum við lítið meira en innan skólans en um 16 ára aldur vorum við farnir að spila á böllum út um allt land. Það voru frábærir tímar og margt skemmtilegt sem gerðist. Við héldum svo áfram nánast óslitið fram til ársins 1987 og gáfum út 3 plötur á tímabilinu. Eftir að Tíbrá hætti stofnuðum við aðra hljómsveit, nánast sömu meðlimir, nema nýr söngvari, Eiríkur Hauksson. Þetta var hljómsveit sem var kölluð Villingarnir og spilaði þungt rokk. Hún entist reyndar ekki nema í tæpt ár því þá flutti Eiríkur til Noregs til að verða frægur. Síðan hef ég nú lítið spilað nema að ég stjórnaði upptökum á plötu Abbababb hér um árið og nú stendur til að vígja mig inn í hljómsveitina sem fullgildan meðlim. Reyndar hef ég svo spilað með einni hljómsveit enn sem heitir Herradeild PÓ og flytur hún eingöngu gamlar perlur rokksögunnar.

*Þú ert mikill útivistarmaður Flosi og þykist veiða mikið. Geturðu sagt okkur örlítið frá því?*

Ég stunda stangveiðar á sumrin og skotveiðar á veturna og má varla á milli sjá hvort er skemmtilegra. Ég byrjaði ungur að veiða lax með pabba mínum og veiðidellan ágerist með hverju árinu sem líður. Ég er t.d. byrjaður að athuga veiðigræjurnar fyrir sumarið og við Ylfa dóttir mín kíkjum á fluguhnýtingarnar saman. Hún er orðinn eins konar þræll hjá mér við að hnýta, því hún er svolítið lagnari í höndunum en ég.

## *Flossy!*

Flosi hefur oft verið umsjónarkennari á unglingastiginu. Það starf byggir að miklum hluta á samstarfi þeirra kennara sem hafa bekk innan sama árgangs. Flosi hefur unnið með mörgum hér í skólanum, síðustu ár mest með Sigga og Leó. Til að kynnast manninum betur leitaði Púlsinn til eins samstarfskennara Flosa, Sigurðar Arnars Sigurðssonar. Við báðum hann að rifja upp sögu af karlinum úr skólastarfinu.

„Flosi er mjúkur maður. Meira að segja röddin er silkimjúk. Ég man eftir einu skemmtilegu atviki frá því við vorum saman í Frakklandi með hóp af 10. bekkingum þar sem röddin kemur við sögu. Fyrir fáeinum árum tók 10. bekkur í Grundaskóla þátt í samstarfsverkefni við jafnaldra sína í Frakklandi. Verkefnið var fólgið í margskonar samskiptum nemenda og gagnkvæmum heimsóknum. Hver nemandi átti pennavin í Frakklandi og skrifuðust þeir á um tíma. Flosi sá um tengsl skólanna og hafði mest samskipti við umsjónarmann verkefnisins í Frakklandi sem var miðaldra kennslukona. Þau höfðu oft talast við í síma. Þegar svo tekið var á móti Grundaskólahópnum við skólann í Frakklandi og umsjónarmennirnir hittust í fyrsta skipti augliti til auglitis tók franska kennslukonan á móti okkar manni þessum orðum: „Flossy, I thought you were a woman!"

Mér þótti þetta afar leiðinlegt, fann mikið til með honum og satt best að segja hef ég ekki haft geð í mér til að segja frá þessu . . . fyrr en núna."


FRELSI



# Óvissuferð 10. bekkjar

Föstudaginn 14. mars hélt 10. bekkur rakleitt út í óvissuna. Mæting var kl. 8:45 og brottför 5 mínútum síðar. Gengið var rösklega að gangbrautarljósunum og fóru kennarar yfir notkunarleiðbeiningar þeirra. Eftir þessa mikilvægu fræðslu var farið með okkur í sundlaugina á Jaðarsbökkum, því vegna takmarkaðra mætinga í sundtíma grunaði kennarana að ekki væru allir með það á hreinu hvar hún væri staðsett.

Frá sundlauginni var haldið í átt að Skeljungi og þar beið rúta eftir okkur. Svo loksins var haldið af stað. Keyrt var fram hjá Akrafjalli og hring í kringum það og reynt var að telja okkur trú um að við ættum að labba upp það. Leiðin hélt áfram undir Hvalfjörðinn og að Esjunni. Þar var öllum hent út og manaðir í aðra fjallgöngu. En ekki leið á löngu þar til allir voru komnir upp í rútu aftur með tárin í augunum eftir sjokkið við tilhugsunina um að þurfa að labba. Esjan var yfirgefin og næsti áfangastaður var Perlan. Þar er Íslenska sögusafnið skoðað og þótti flestum mikið til þess koma.

Eftir svolítið stopp í Perlunni var hópurinn aftur farinn að gráta, að þessu sinni af hungri. Þá var planinu breytt aðeins fyrir þessa engla og farið beint í Kringluna að borða. Hópurinn fékk smátíma til að danglast þar aðeins um og hélt ferðinni síðan áfram.




Bílaþvottastöðin Löður var næsti viðkomustaður og þar var öllum aftur hent út með sundföt meðferðis. Önnur tilraun var gerð af svikum og prettum en þarna átti liðið að baða sig. Þetta þótti lítið mál og þrír herramenn fóru úr hverri spjör á planinu og skelltu sér í stuttbuxur.

Loksins drösluðust allir upp í rútu og rennt var í Smáralindina. Þar biðu okkar fullir popppokar og kók á eftir og hin ljómandi góða mynd „National security". Eftir að myndinni lauk var haldið heim á leið og voru flestir sammála um að þetta hafi verið vel heppnuð ferð.




*Hinrik Haraldsson og Guðbjartur Hannesson, skólastjóri.*

# Gjöf frá Kiwanisklúbbnum Þyrli

Kiwanisklúbburinn Þyrill Akranesi afhenti 7. apríl sl. Grundaskóla 250.000.- kr. til kaupa á tölvum og tækjum fyrir nemendur til að vinna við gerð kvikmynda, s.s. klippingu og hljóðsetningu myndefnis.

Í gjafabréfinu stendur „Kiwanisklúbburinn Þyrill vill með gjöf þessari sýna hug sinn til ungmenna á Akranesi í anda kjörorðs Kiwanishreyfingarinnar: Börn fyrst og fremst."

Grundaskóli kemur hér á framfæri þökkum til Kiwanismanna, en þetta mun ásamt tekjuafgangi af uppsetningu söngleiksins „Frelsi", gefa skólanum tækifæri til að eignast vandaðan tölvubúnað og myndbandstökuvélar fyrir myndvinnslu.

Við sama tækifæri hlaut Heilsugæslustöð Akraness styrk til tölvukaupa að upphæð kr. 200.000.-, en tölvan er nýtt í iðjuþjálfun til þjálfunar á börnum.


Oft þarf bara
einn hlut til að gera
lífið auðveldara
Námsmannaþjónusta
Landsbankinn


Óskum nemendum og starfsfólki
Grundaskóla gleðilegs sumars!
Hittumst hress og
endurnærð í haust!
Kodak
EXPRESS
GÆÐAFRAMKÖLLUN
Penninn
Kirkjubraut 54 • Akranesi
Sími 431 1855

Frá miðstiginu:

# Fjölbreyttar kennsluaðferðir

Á miðstiginu, 5., 6. og 7. bekk, hefur í vetur verið unnið eftir söguaðferðinni í öllum bekkjum. Mismunandi sögurammar eru hjá hverjum aldurshópi. Í 5. bekk hafa nemendur verið að vinna Tröllaverkefni, verkefni sem þeir kalla Náttúrufyrirbæri á Íslandi og nú síðast Á ferð með Leifi Eiríkssyni. Í 6. bekk var byrjað á Fuglabjarginu, síðan komu Norðurlöndin og að lokum Snorri Sturluson. 7. bekkur hefur unnið verkefni um Evrópu.

### *Söguaðferðin*

Hér verður sagt frá verkefnunum sem nemendur unnu og hvernig þeim og kennurunum þótti takast til. Til glöggvunar látum við fylgja snöggsoðna skilgreiningu á söguaðferðinni, sem stundum er kölluð skoska aðferðin. Söguaðferðin er kennsluaðferð þar sem að sögusviðið er eitt þótt viðfangsefnin geti verið á sviði myndmenntar, íslensku, stærðfræði eða hvaða námsgreinar sem er. Nemendur búa gjarnan til brúður fyrir persónur, móta hana sjálf, og takast á við að vandamál sem persónurnar standa frammi fyrir og leita svara við mikilvægum spurningum sem tengjast sögunni sem verður til.




Mikil ánægja er hjá kennurum með þá áherslu sem nú er lögð á söguaðferðina. Hún er bæði skemmtileg aðferð að vinna eftir og mjög gefandi, auk þess sem þetta vinnulag eykur mjög á fjölbreytni í skólastarfi. Aðferðin stuðlar að bættum vinnubrögðum nemenda, hvort sem um sjálfstæði eða samvinnu er að ræða. Bæði hugur og hönd fá að reyna sig og aðferðin sem slík ýtir undir sköpunargleðina.

Í Evrópuverkefninu í 7. bekk tóku kennararnir í list- og verkgreinum þátt í öllu ferlinu. Nemendurnir saumuðu bókarkápu í hannyrðum, lærðu um listamenn í Evrópu í myndmennt; í tónmennt var söngvakeppni í anda Eurovision og í smíði var unnið evrópskt tákn í koparfólíu.

Í 5. og 6. bekk var víkingaþema sem einnig var unnið í samvinnu við list- og verkgreinakennarana. Þar saumuðu nemendur út, bjuggu til skartgripi, vopn og bókakápur.



### Hvað finnst nemendum um söguaðferðina?

*Okkur finnst mjög gaman að vinna svona eins og við gerum í sögurömmunum.*

*Það er gaman að vinna í hóp - um.*

*Þetta er miklu skemmtilegri vinna.*

*Við fáum að gera svo mikið sjálf og eins og okkur langar til.*

*Lærum að vinna heimildar - vinnu, leita í bókum og á Netinu.*

*Við viljum alls ekki hætta að vinna svona.*

*Við fáum að gera allt mögulegt sem við fengjum kannski ekki að gera annars.*



### *Evrópuverkefnið*

Við krakkarnir í 7. MRJ og 7. SÓ höfum verið að vinna með Evrópuverkefni. Við skiptum okkur upp í hópa, þar sem reynt var að blanda saman strákum og stelpum. Hver hópur valdi sér land og vann með það. Annar bekkurinn bjó svo til fjölskyldu sem fór til landsins en hinn bekkurinn bjó til bekk sem ætlaði að ferðast um Evrópu. Allir gerðu eina persónu, upplýsingar um hana, flugmiða, vegabréf, kostnaðar- og ferðaáætlun, hvað þyrfti að taka með, ýmislegt um landið, við gerðum skoðanakannanir og hver og einn gerði dagbók um einn dag í landinu og póstkort. Úr þessu gerðum við svo vinnubók og erum þessa dagana að gera kápur á bækurnar okkar í hannyrðum. Síðan bjuggum við til veggspjald um landið okkar og endum þetta á kynningu fyrir foreldra.

Okkur hefur fundist þetta verulega gaman og mun skemmtilegra að læra þetta svona, í staðinn fyrir að vera bara að vinna í bókum.

*F.h. 7. bekkjanna*
*Sunna Dís Jensdóttir*




# *Frá foreldrafélagi Grundaskóla*

Foreldrafélag Grundaskóla skólaárið 2002-2003 er þannig skipað:

*Inga Dís Sigurðardóttir, formaður*
*Svava Hrund Guðjónsdóttir, varaformaður*
*Ágústa Andrésdóttir, ritari*
*Hjörtur Hróðmarsson, gjaldkeri*
*Lilja Kristófersdóttir, foreldrarölt*

Daníel Rúnar Elíasson, Bryndís Rósa Jónsdóttir og Ásdís Kristmundsdóttir gengu úr stjórninni og þökkum við þeim fyrir gott starf í þágu foreldrafélagsins og skólans.

Starfsemi foreldrafélagsins hefur verið mjög hefðbundin í vetur. Við héldum fyrirlestur með foreldrafélagi Brekkubæjarskóla og var hann haldinn á sal Grundaskóla 9. apríl s.l. Fyrirlesari var Halldóra Bjarnadóttir, hjúkrunarfræðingur og fjallaði hún um kynlíf/kynhegðun unglinga á mjög opinn og líflegan hátt þar sem hún kom ákveðnum skilaboðum til okkar foreldra. Fyrirlesturinn var sérstaklega ætlaður fyrir foreldra unglinga í 7. - 10. bekk en allir voru velkomnir og var ágæt mæting.

Foreldrafélag Brekkubæjarskóla setti sig í samband við okkur um að halda öskudagsball fyrir báða grunnskólana í Brekkubæjarskóla fyrir 1. - 4. bekk í samstarfi með Arnardal. Mætingin var mjög góð, 270 börn skemmtu sér konunglega.

Fréttabréfið kom út í apríl, einnig er hægt að nálgast efni þess á skólatorginu undir takka foreldrafélagsins. Slóðin er *http://www.skolatorg.is/kerfi/grundaskoli/skoli/*

20. febrúar s.l. var haldinn samráðsfundur í bæjarþingsal þar sem mættu foreldraráð og stjórnir foreldrafélaga skólanna ásamt skólastjórum auk Helgu Gunnarsdóttur sem boðaði til fundarins. Umræðuefnið var skóladagatal veturinn 2003-2004 og sér í lagi viðhorf foreldra til vetrarleyfa. Ákveðið var að gera skoðanakönnun meðal foreldra, svarhlutfallið var 63%. 51% þeirra foreldra sem svöruðu eru mjög eða frekar andvígir vetrarfríi og 33% mjög eða frekar hlynntir því. Aðrir eru hlutlausir.

Ef af vetrarfríi verður telur meirihlutinn það eiga að vera að hausti, foreldrar telja 2 daga hæfilegt vetrarfrí. Tillaga að skóladagatali fer til foreldraráðs og til skólanefndar eftir samþykkt þess á starfsmannafundi.

Ákveðið var að þessi hópur hittist á slíkum samráðsfundi á hverju ári til þess að ræða sameiginleg málefni skólanna.

Foreldraröltið hefur gengið ágætlega í vetur en þó er ástæða til að hvetja foreldra enn frekar því alltaf má gera betur.

Foreldrafélag Grundaskóla þakkar nemendum, foreldrum, kennurum og starfsfólki fyrir samstarfið í vetur.

*Með kveðju,*
*f.h. foreldrafélagsins*
*Inga Dís*



Söngleik

# FRE

*„Það má kannski segja að hópurinn s*
*leyti farið fram úr sjálfum sér því svo*
*Sýningin er óvenju umfangsmikil og gr*
*á sig til að gera hana að því sem hún*
*aðarfullu sýningu se*

Í upphafi skólaárs ákvað skólastjórn Grundaskóla að á þessu skólaári yrði settur upp söngleikur í Grundaskóla. Hugmyndin um að setja upp söngleik er ekki ný af nálinni því um alllangan tíma hefur sú hugmynd verið á sveimi en ekkert orðið úr framkvæmd fyrr en nú. Ákveðið var að leggja mikinn metnað í verkefnið og setja upp verk sem væri frumsamið bæði hvað varðar tónlist og texta. Tveir kennarar skólans voru ráðnir til þess að semja handrit, lög og texta. Þetta voru þeir Flosi Einarsson og Gunnar Sturla Hervarsson. Þá tók Sigurður Arnar Sigurðsson deildarstjóri á unglingastigi við yfirstjórn verkefnisins og sá um skipulagsmál og áætlanagerð. Í október s.l. lágu fyrstu drög að söngleiknum fyrir og bættist þá Einar Viðarsson kennari og félagsmálafulltrúi Grundaskóla í hópinn og tók hann að sér framkvæmdastjórn ásamt umsjón með útgáfu geisladisks.

Í desember fór fram val á nemendum í hin ýmsu hlutverk. Gunnar Sturla tók að sér leikstjórn og Flosi varð tónlistarstjóri. Um jólin var söngur og tónlist tekin upp og gengið frá útgáfu geisladisks með 11 lögum úr söngleiknum.

Í janúar var haldinn foreldrafundur þar sem verkefnið var kynnt og óskað eftir aðstoð foreldra við uppsetningu. Síðan þá hefur fjöldi foreldra lagt mikið á sig við uppsetningu leikmyndar, eldamennsku, förðun, klippingu o.s.frv. Þá lagði fjöldi starfsmanna Grundaskóla á sig ómælda vinnu til þess að draumurinn yrði að veruleika. Draumur um einstakt skólaverkefni þar sem kennarar, nemendur og foreldrar taka höndum saman. Allan janúarmánuð undirbjó hópurinn síðan sýningar á söngleiknum. Afrakstur þessarar vinnu var söngleikurinn Frelsi.

Umfjöllunarefni söngleiksins er unglingamenningin og ný tækni með kostum hennar og göllum. Sýningin var tileinkuð umræðunni gegn alls kyns ofbeldi, þ.m.t. einelti, en einn af fylgifiskum nýrrar tækni er hættan á margs konar áreitni og ofbeldi með orðum.



inn

# LSI

*dur að þessari sýningu hafa að sumu*
*engur á í sal Grundaskóla á Akranesi.*
*t að margir hafa þurft að leggja mikið*
*ftur og leikgleði einkenna þessa metn-*
*t er að mæla með."*

KK - Skessuhorn



Það er áralöng hefð í Grundaskóla að leggja áherslu á listir og skapandi starf og þar hefur tónlist ávallt skipað háan sess. Sýningin var því rökrétt og ánægjulegt framhald af starfi fyrri ára.

Óhætt er að segja að Akurnesingar hafi verið Frelsinu fegnir því að uppselt var á allar 14 sýningarnar og sáu um 3000 gestir sýninguna. Talsvert var fjallað um verkefnið og sýninguna sjálfa í fjölmiðlum og áhrifin sem verkið hafði voru margvísleg og einkar ánægjuleg. Geisladiskurinn er spilaður í öðru hverju barnaherbergi á Skaganum og börn allt niður í leikskóla syngja, dansa og túlka atriði úr verkinu sér og öðrum til skemmtunar. Vonandi hefur boðskapurinn um gildi samstöðu og vináttu skilað sér út í samfélagið.



***Við erum eitt***

Allt er nú breytt
allir sem einn.
Ef öll við stöndum saman
við sigrum hverja raun.
Allir sem einn.

Við syngjum saman
vináttusöng,
ef gránar gaman
við efumst ei um að
við stöndum saman
allir sem einn.
Við syngjum saman
vináttusöng.

Ég treysti á þig.
Þú stólar á mig.
Sameinuð við stöndum
og sundruð munum falla.
Við erum eitt.

Við syngjum saman
vináttusöng,
ef gránar gaman
við efumst ei um að
við stöndum saman
allir sem einn.
Við syngjum saman
vináttusöng.

*Texti: Flosi og Gunnar Sturla*





# Spurt í hléi



**Helgi Andrésson**
*Hvernig fannst þér leikritið?*
Skemmtilegt.



**Gunnar Elíasson**
*Hvernig fannst þér leikritið?*
Alveg meiriháttar, alveg klassi.



**Guðrún Engilbertsdóttir**
*Hvernig fannst þér leikritið?*
Fínt, það sem komið er.

## Markmið verkefnis

***Að vekja athygli á skólastefnu Grundaskóla þar sem listgreinar skipa mikilvægan sess.***
***Að gera átak til að fjalla um og uppræta ofbeldi s.s. einelti.***
***Að setja upp einstakan atburð þar sem reynir á samstarf og styrk nemenda, kennara og foreldra.***

# Bak við tjöldin

Ritnefnd Púlsins ákvað að taka púlsinn á stemmningunni baksviðs á einni af sýningum Frelsis. Valgerður förðunardama tók nokkra samstarfsmenn sína tali þegar undirbúningur fyrir leiksýningu stóð sem hæst.

**Eyrún Jóna Reynisdóttir, förðunardama**
*Hvernig er mórallinn í hópnum?* Glæsilegur.
*Hvernig er stemningin rétt fyrir sýningar?* Bara flott.
*Myndirðu slá til ef þér byðist að taka aftur þátt í leiksýningu?* Já, því þetta er gaman.
*Af hverju tekurðu þátt í uppsetningu Frelsis?* Vegna áhuga.

**Edit Ómarsdóttir, förðunardama**
*Hvernig er mórallinn í hópnum?* Mjög fínn.
*Hvernig er stemningin rétt fyrir sýningar?* Skemmtileg, allir í góðum filing.
*Myndirðu slá til ef þér byðist að taka aftur þátt í leiksýningu?* Já, því þetta er skemmtilegt.
*Af hverju tekurðu þátt í uppsetningu Frelsis?* Af hverju ekki?

**Unnur Ósk Magnúsdóttir, bakraddasöngkona**
*Hvernig er mórallinn í hópnum?* Bara fínn.
*Hvernig er stemningin rétt fyrir sýningar?* Mjög góður.
*Myndirðu slá til ef þér byðist að taka aftur þátt í leiksýningu?* Já, því mér finnst gaman að syngja og leika.
*Af hverju tekurðu þátt í uppsetningu Frelsis?* Mér bauðst það og ég tók því vel.



*Edit greiðir Ragnheiði fyrir sýningu.*

**Kristbjörg Smáradóttir, leikari**
*Hvernig er mórallinn í hópnum?* Ég held að það hann sé bara nokkuð góður.
*Hvernig er stemningin rétt fyrir sýningar?* Bara fínn.
*Myndirðu slá til ef þér byðist að taka aftur þátt í leiksýningu?* Já, því þetta er búið að vera geggjað skemmtilegt, en þó líka mikil vinna.
*Af hverju tekurðu þátt í uppsetningu Frelsis?* Því ég var í leiklistarvalinu.



**Dagný Jónsdóttir, dansari**
*Hvernig er mórallinn í hópnum?* Bara mjög góður.
*Hvernig er stemningin rétt fyrir sýningar?* Mjög góð.
Myndirðu slá til ef þér byðist að taka aftur þátt í leiksýningu? Já, því þetta er svo gaman.
*Af hverju tekurðu þátt í uppsetn - ingu Frelsis?* Ég var í leiklistarvalinu.

**Auður Valdís Grétarsdóttir, umsjón með búningsherbergjum**
*Hvernig er mórallinn í hópnum?* Bara frekar góður.
*Hvernig er stemningin rétt fyrir sýningar?* Bara góð.
*Myndirðu slá til ef þér byðist að taka aftur þátt í leiksýningu?* Já já, það er skemmtilegt að vera með.
*Af hverju tekurðu þátt í uppsetn - ingu Frelsis?* Til að hafa gaman.

**Gunnar Karl Sölvason, upptökumaður**
*Hvernig er mórallinn í hópnum?* Mjög góður.
*Hvernig er stemningin rétt fyrir sýningar?* Mjög góð, allir spenntir.
*Myndirðu slá til ef þér byðist að taka aftur þátt í leiksýningu?* Já, þetta er skemmtilegt hobbí.
*Af hverju tekurðu þátt í uppsetn - ingu Frelsis?* Ég bauð mig fram.

# *Úr ritdómi um Frelsi í Skessuhorni*

„Sýningin er í heild hin besta skemmtun. Strax í fyrsta söngatriðinu kemur í ljós að hér er á ferðinni kraftmikill hópur sem tekst óhræddur á við verkefni sitt undir öruggri handleiðslu stjórnendanna í leik og sönglist.“

„Krafturinn í sýningunni skapast kannski fyrst og fremst af leikgleði hópsins - það skín í gegn hversu gaman þeim finnst að vera á sviðinu og það smitar auðveldlega út í salinn til áhorfenda sem fögnuðu vel í leikslok.“

*Kristján Kristjánsson*



**Ásdís Ósk Elfarsdóttir**
*Hvernig fannst þér leikritið?*
Mér fannst flest öll atriðin snilld en mætti samt bæta húmorinn í sumum atriðum. Ég held samt að mér finnist það bara því að ég er búin að sjá leikritið mjög oft því ég vinn sem sminka.



**Vésteinn Sveinsson**
*Hvernig fannst þér leikritið?*
Þetta var rosalegt. Geggjaður húmor. Mjög flott og vel uppsett.



**Bjarki Þór Guðjónsson**
*Hvernig fannst þér leikritið?*
Mér finnst það skemmtilegt og fyndið. Mig langar að sjá það aftur. Lögin voru skemmtileg og fyndnir textar.




# Þróunarstyrkir í Grundaskóla

Á síðustu dögum hafa borist staðfestingar um 3 þróunarstyrki sem skólinn hefur fengið.

Áframhaldandi styrkur fékkst frá Rannsóknarráði umferðaröryggismála til verkefnisins *„Umferðarfræðsla sem hluti af lífsleikni“*.

Annað verkefni er *„Tónmennt og tækni“* sem fjallar um samþættingu námsgreina, aðallega á unglingastigi, þar sem á að nýta meðal annars nýjan tölvubúnað til myndvinnslu.

Að lokum er það verkefnið *„Engill úr Paradís“* þar sem vinna á efni til stuðnings foreldrum við heimanám og aðstoð við börnin sín.

Samtals er um að ræða rúmlega 1.5 milljónir króna og það er fagnaðarefni hve duglegir kennarar eru að sækja um styrki og sömuleiðis hve jákvæðar undirtektir umsóknir þeirra fá hjá þeim aðilum sem afgreiða styrkina.

Penninn

gegn ofbeldi
Rauði kross Íslands



# Sjávarútvegsþema í 9. bekk

Árlegt þemaverkefni í 9. bekk snýr að sjávarútvegi. Við tókum púlsinn á því hvernig til tókst þetta árið og spjölluðum við heimilisfræðikennarana Ingibjörgu og Katrínu

*Hvernig tókst sjávarútvegsþemað í ár?*

Það tókst mjög vel. Allt stóðst áætlun og vinnuálagið var jafnt og þétt.

Við hlökkum alltaf jafn mikið til að taka þátt í þessu þema. Það er alltaf ánægjulegt að vera í samstarfi með umsjónarkennurum í 9. bekk, svo höfðum við kennaranema þetta árið, sem var einstaklega gaman.

*Var hópurinn áhugasamur?*

Árgangurinn var mjög áhugasamur og gaman að vinna með krökkunum og kennurunum Gunnari Sturlu og Karli.

*Hversu langan tíma tekur þetta þema?*

Þemað er venjulega 4-5 dagar.

Í ár tók þemað 4 daga hjá okkur en undirbúningur hófst fyrr hjá umsjónarkennurum. Umfang þemans er mikið, fjölbreytt vinna og víða komið við, þessi vinna er alltaf að þróast og breytist frá ári til árs.

Þetta var 10 skiptið sem sjávarútvegsþema 9. bekkjar er haldið í Grundaskóla.

Það er farið í heimsóknir í fyrirtæki sem tengjast sjávarútvegi. Oft hafa foreldrar komið með fisk. Svo hefur verið gott að leita til Eymars Einarssonar með allskonar fisktegundir, margar sjaldgæfar.

Síld höfum við fengið austan af fjörðum í mörg ár, oftast frá Norðfirði en í ár frá Djúpavogi. Við höfum alltaf verið harðar á því að láta nemendur vinna síldina beint úr salti, flaka, útvatna og búa til ýmsa rétti úr henni.

*Hvernig var þemanu skilað?*

Hóparnir skiluðu sinni vinnu á lokakvöldi þemans.

Foreldrum, starfsfólki skólans og þeir sem tóku á móti nemendum eða aðstoðuðu á annan hátt var boðið upp á sjávarréttahlaðborð.



Hlaðborðið var með yfir 20 réttum. Einnig var gefinn út bæklingur með uppskriftum, fróðleik um fisktegundir og söngtextum, nemendur sýndu myndbönd, glærur og leikþátt. Gestir í ár voru ca. 170 og allir skemmtu sér konunglega.





*Þið hljótið nú að luma á góðri uppskrift svona í lokin?*

Já við eigum mikið af góðum fiskuppskriftum.

Uppskriftin sem við völdum á vel við í byrjun grásleppuvertíðar, hún kemur skemmtilega á óvart.

**Grásleppuflök í súrsætri sósu**

2 grásleppuflök
4 msk hveiti
2 msk matarolía
1 hvítlauksrif
1/2 laukur smátt saxaður
salt og pipar
1/4 gróft saxað jöklasalat

*Aðferð:*

1. Skerið flökin í ræmur og veltið honum upp úr krydduðu hveitinu.
2. Steikið í olíu á pönnu ásamt hvítlauk og lauk.
3. Bætið jöklasalatinu út í ásamt súrsætu sósunni.
4. Berið fram með soðnum hrísgrjónum.

**Súrsæt sósa**

1 bolli vatn
1 bolli edik
1 bolli sykur
1/2 laukur smátt saxaður
1 gulrót skorin í teninga
1 msk tómatmauk
2 msk sojasósa

*Aðferð:*

1. Mælið allt í pott og látið suðuna koma upp.
2. Jafnið með kartöflumjöli eða sósujafnara.

# *Spegill, spegill herm þú mér . . .*

*Undanfarin ár hafa verið gerðar skoðanakannanir meðal nemenda í unglingadeildinni og niðurstöðurnar birtar í Púlsinum. Ekki ætlum við að bregða út af þeirri venju í ár. Spurningarnar voru einkar fjölbreyttar þetta árið og kunnugir munu sjá að sumum nemendum hefur tekist að verja nafnbótina frá í fyrra. Úrslitin koma stundum á óvart en yfirleitt eru þau afar fyrirsjáanleg.*



**Flottasti strákurinn**
Enginn annar en sjálfur herra Arnardalur 2003, Fylkir Birgisson, hreppti titilinn þetta árið.

**Tónlistafrík skólans**
Fylkir Birgisson sópar að sér verðlaunum þetta árið. Hann trónir hér á toppnum. En í öðru sæti lenti hátónsbarkinn sjálfur, Ylfa Flosadóttir og í því þriðja varð Jón Valur Ólafsson.



**Flottasta stelpan**
Úrslitin voru afgerandi. Helena Rúnarsdóttir, ungfrú Arnardalur 2003, skaraði fram úr þetta árið.



**Flippaðasta týpan**
Úff... Jón Ingi! Þú virðist ætla að eigna þér þennan titil! ANNAÐ ÁRIÐ Í RÖÐ!!!
Í öðru sæti varð Aron Daníelsson og í því þriðja Stefán Valentínusarson.

**Gelgja skólans**



**Mesta súkkulaðið**



**Þreyttasta týpan**
Þreyttasta týpan er enginn annar en bakaradrengurinn sjálfur, Axel Már Karlsson.
Í öðru sæti lenti hinn síþreytti Hrannar Hallgrímsson og þriðja sætið hreppti Jón Ingi Þrastarson sem einnig var valinn flippaðasta týpan.





**Íþróttafrík skólans**
Fyrsta sætið hreppti Heimir Einarsson. Karítas Hrafns Elvarsdóttir lenti í öðru sæti. Í þriðja sæti varð sundgellan Elísa Elísdóttir.

**Pabbi skólans**
Í fyrsta sætinu varð íþróttafríkið sjálft, Heimir Einarsson. Í öðru og þriðja sæti urðu gæjarnir Unnar Valgarð Jónsson og Marinó Árnason. Stelpur, það væri fínt að eiga einn af þessum strákum sem kærasta.

Í öðru sæti lenti Steindór Tryggvason og aðeins einu stigi á eftir honum varð Sölvi Páll Ásgeirsson.



**Besti kennarinn**

Í aldanna rás hefur það verið Sigurður Arnar sem hlotið hefur þennan heiður og þannig fóru leikar einnig í ár. Í öðru sæti varð Leó hinn sterki sem er einnig mjög mikið fyrir myndskreytingar og í þriðja sæti varð Gunnar Sturla „kaffibolli" Hervarsson.



**Mamma skólans**

Hin hugljúfa Maren Ósk Elíasdóttir hreppti fyrsta sætið. Hún er sannkölluð Mjallhvít.

Ekki langt frá henni í öðru sæti var Steinunn Eik Egilsdóttir. Í þriðja sætinu lenti Heiður Sif Heiðarsdóttir. Einnig skal tekið fram að Birkir Örn Gylfason og Sveinn Halldór Helgason fengu þónokkur stig.



**Hannes skólans**

Hannes skólans var í fyrsta sinn valinn. Þegar fólk sá spurninguna um Hannes skólans mátti það barasta velja hvað það þýddi. Salvar Georgsson hreppti þá merkilegu nafnbót og Reynir Karl Sverrisson varð annar. Í þriðja sæti lentu Aron Dan og Þór Birgisson.



**Mesta dúllan**

Annað árið í röð er það Aron Daníelsson sem nemendum í unglingadeildinni finnst vera mesta dúllan. Í örðu sæti lenti Counter Strike spilarinn Trausti „Grundaval" Tryggvason og félagarnir Freyr Karlsson og Hrannar síþreytti lentu í því þriðja.



**Háværasta týpan**

Í þeim flokki sigraði söngfuglinn Sigurbjörg Halldórsdóttir með miklum yfirburðum. Í því öðru var Eydís „gelgja" Smáradóttir. Þriðja sætið hreppti Jón Ingi „flippó".



**Tölvunörd skólans**

Úrslitin í þessum flokki komu ekki á óvart. Marinó Árnason sigraði með glæsibrag.



**Guðrún Skólans**

Tilgangurinn er sá sami og í Hannes skólans: Láta hugmyndaflugið ráða.

Í fyrsta sæti varð hin síglaða Íris Bjarnadóttir. Í öðru sæti urðu Bjarki Þór Guðjónsson og Sigurbjörg Halldórsdóttir. Í þriðja sæti lentu Salvar „Hannes" Georgsson og Karítas Hrafns Elvarsdóttir.



**Hrakfallabálkur skólans**

Óheppnin virðist elta greyið hann Aron Þór Kristjánsson, hann sigraði með nokkrum yfirburðum. Annar varð Bjarki Jens Gunnarsson og enn og aftur hreppir Agla þriðja sætið.





### 1. EJ

*Efsta röð frá vinstri: Guðjón Snær Ein - arsson, Hörður Þór Harðarson, Elmar Gísli Gíslason, Sigurrós Elddís Gísladótt - ir, Auðunn Andri Ólafsson.*
*Arnþór Snær Hjaltason, Albert Haf - steinsson, Kristján Þór Jónsson, Guðný Björk Proppé, Sara Ýr Jónsdóttir, Sesselja Bergrós Gunnarsdóttir.*
*Kristín Ósk Björnsdóttir, Ester Lind Theodórsdóttir, Ástrós Ólafsdóttir, Helgi Grétar Gunnarsson.*
*Á myndina vantar: Aldísi Ylfu Heimis - dóttur, Björnfríði Björnsdóttir, Daníel Þór Heimisson, Katarínus Björnsson, Lilju Bjarklind Garðarsdóttur og Elísabetu Jó - hannesdóttur (kennara).*



### 1. ÁE

*Efsta röð frá vinstri:*
*Laufey María Vilhelmsdóttir, Hafliði Stefánsson, Ragnheiður Eva Guðmunds - dóttir, María Rún Ólafsdóttir, Hrafn - hildur Steinunn Sigurþórsdóttir, Erna Kristín Brynjarsdóttir.*
*Guðmundur Bjarni Björnsson, Björn Hreiðar Pálsson, Finnbogi Rúnar Krist - jánsson, Stefán Logi Samúelsson, Axel Bragi Bjarnason, Tanja Björk Marteins - dóttir, Anna Jóna Gísladóttir.*
*Elísabet Hlín Steinþórsdóttir, Svava Rún Björgvinsdóttir, Brynja Dögg Magnús - dóttir, Aron Tryggvi Þorsteinsson, Albert Páll Albertsson.*
*Á myndina vantar: Breka Harðarson, Vilborgu Júlíu Pétursdóttur og Ástu Egils - dóttur (kennara).*



### 2. EBD

*Efsta röð frá vinstri:*
*Arnar Steinn Ólafsson, Helgi Sigurðsson, Marinó Hilmar Ásgeirsson, Indriði Áki Þorláksson, Hannes Marvin Óðinsson, Stefán Bjarki Sturluson.*
*Hrönn Óskarsdóttir, Ída Logadóttir, Heiðrún Ósk Magnúsdóttir, Adda Malín Vilhjálmsdóttir, Christel Rúdólfsdóttir (kennari).*
*Júlía Björk Jóhannsdóttir, Kristrún Har - aldsdóttir, Elva Björk Magnúsdóttir, Al - exandra Ýr Stefánsdóttir, Hafdís Ósk Jónsdóttir.*
*Á myndina vantar: Julio Adam Helgu - son og Elínu Björk Davíðsdóttur.*

## 2. HKA

*Efsta röð frá vinstri:*
*Þórður Þorsteinn Þórðarson, Magnús Heiðar Gunnarsson, Gabríel Örn Kjartansson, Símon Þengill Jóhannsson, Arnar Árnason, Hildur Karen Aðalsteinsdóttir (kennari).*
*Guðlaugur Þór Brandsson, Þórður Páll Fjalarsson, Fannar Geir Sigurgeirsson, Arnaldur Ægir Guðlaugsson, Kolbrún Ósk Kolbeinsdóttir, Hafdís Dögg Rúnarsdóttir.*
*Kristín Ása Hjálmsdóttir, Rut Hrafns Elvarsdóttir, Karen Sól Sævarsdóttir, Hrefna Björg Gylfadóttir, Sylvía Björk Jónsdóttir, Hafdís Mist Bergsteinsdóttir.*
*Á myndina vantar Kristinn Gauta Gunnarsson.*





## 2. SI

*Efsta röð frá vinstri:*
*Silvía Sif Ólafsdóttir, Eyrún Eiðsdóttir, Eyrún Sif Ólafsdóttir (kennari), Birna Björk Hölludóttir, Ingileif Egilsdóttir.*
*Sesselja Hákonardóttir (stuðningsfulltrúi), Salome Jónsdóttir, Gréta Stefánsdóttir, Alexander Már Þorláksson, Sævar Berg Sigurðsson, Sigursteinn Atli Ólafsson.*
*Einar Emil Torfason, Þorvaldur Arnar Guðmundsson, Ingibjörg Helga Rögnvaldsóttir, Freyja Kristjana Bjarkadóttir.*
*Á myndina vantar: Arnar Frey Sigurðsson, Konráð Frey Sigurðsson, Margréti Sigríði Jóhannesdóttur og Sigríði Indriðadóttur (kennara).*

## 3. HJ

*Efsta röð frá vinstri:*
*Andri Freyr Gunnarsson, Björn Þór Björnsson, Snorri Kristleifsson, Hafþór Daði Halldórsson, Hrönn Jónsdóttir (kennari).*
*Agnesa Andreudóttir, Særós Ýr Þráinsdóttir, Hafdís Lilja Hafsteinsdóttir, Matthías Ásgeirsson, Hafsteinn Einar Ágústsson, Alexander Freyr Jensson.*
*Eva Ösp Sæmundsdóttir, Maren Leósdóttir, Guðlaug María Jónsdóttir, Sóley Hálfdánsdóttir, Helga Björk Heiðarsdóttir.*
*Elín Birna Jóhannesdóttir, Dagbjört Inga Grétarsdóttir, Jónas Kári Eiríksson, Halldór Geir Heiðarsson, Sigurður Böðvarsson, Jóhann Hergils Steinþórsson.*
*Á myndina vantar Elsu Maríu Guðlaugsdóttur.*





### 3. MÁ

*Efsta röð frá vinstri:*
*Margrét Ákadóttir (kennari).*
*Freyr Hlynsson gestanemandi, Sólveig Rún Samúelsdóttir, Sindri Snæfells Kristinsson, Stefanía Sól Sveinbjörnsdóttir, Steinunn Traustadóttir, Ingveldur María Hjartardóttir, Guðjón Dagur Hjartarson.*
*Karl Svanhólm Þórisson, Elísa Svala Elvarsdóttir, Marvin Þrastarson, Alexandra Hlíf Jóelsdóttir, María Rós Björnsdóttir, Sara Eir Árnadóttir, Margrét Saga Gunnarsdóttir.*
*Trausti Guðmundarson, Atli Albertsson, Ómar Logi Þorbjörnsson, Hekla Haraldsdóttir, Vera Kristín Jónasdóttir, Guðrún Ýr Bjarnadóttir, Kristrún Skúladóttir.*
*Á myndina vantar Aldísi Ýr Rossen og Heiðrúnu Önnu Sigurðardóttur.*



### 4. GB

*Efsta röð frá vinstri:*
*Sigrún Eva Ármannsdóttir, Gunnhildur Björnsdóttir (kennari), Hafdís Ingimarsdóttir.*
*Heiður Heimisdóttir, Kristín Björk Lárusdóttir, Birta Stefánsdóttir, Harpa Hólm Heimisdóttir, Sigríður Lóa Björnsdóttir, Helga Björg Þrastardóttir.*
*Alexander Egill Guðmundsson, Birkir Hrafn Vilhjálmsson, Olgeir Sölvi Karvelsson, Hallbera Rún Þórðardóttir, Berglind Hrönn Einarsdóttir, Inga Elín Cryer.*
*Benedikt Valur Árnason, Hafþór Ingi Pálsson, Ína Sigrún Rúnarsdóttir, Valgerður Björk Marteinsdóttir, Pálmi Gunnlaugsson, Dagur Freyr Hermannsson.*
*Á myndina vantar Árna Viljar Árnason, Emilíu Halldórsdóttur og Erlu Dís Torfadóttur.*



### 4. SRR

*Efsta röð frá vinstri:*
*Kristófer Már Maronsson, Hulda Margrét Brynjarsdóttir, Jón Pétur Vilhelmsson Sigurbjörg Ragna Ragnarsdóttir (kennari), Anton Örn Rúnarsson, Oddur Andrés Guðsteinsson, Eyþór Örn Gunnarsson.*
*Einar Þór Gunnarsson, Halldór Bjarki Ólafsson, Lilja Rut Bjarnadóttir, Valdís Rut Jónsdóttir, Hafþór Freyr Hjálmsson, Arnór Kristinn Hjálmarsson, Teitur Pétursson, Arnór Freyr Símonarson.*
*Ósk Hjartardóttir, Guðlaug Marín Gunnarsdóttir, Petrea Hjartardóttir, Sigrún Arna Hallgrímsdóttir, Elísa Valdís Einarsdóttir, Linda Hrönn Óskarsdóttir.*
*Á myndina vantar: Ragnheiði Ástu Brynjólfsdóttur, Eydísi Sunnu Ægisdóttur og Daníel Magnússon.*

## 5. SG

*Efsta röð frá vinstri:*
*Bjarki Þór Jóhannsson, Hilmar Þór Sím - onarson, Alex Kári Kristjánsson, Andri Gústavsson, Allan Freyr Vilhjálmsson, Kolbeinn Helgi Kristjánsson.*
*Hallur Flosason, Ásta Gunnarsdóttir, Steinunn Guðmundsdóttir (kennari), Kristjana Kristjánsdóttir, Sædís Eva Óð - insdóttir, Sóley Bára Bergsteinsdóttir.*
*Aðalheiður Harðardóttir, Erla Karítas Pétursdóttir, Unnur Rebekka Þráinsdótt - ir, Kristjana Bjarnadóttir, Móeiður Lár - usdóttir, Amanda Ösp Kolbeinsdóttir.*
*Á myndina vantar Ingibjörn Sölvason, Kristján Þóri Sigurgeirsson, Bryndísi Matthíasdóttur og Öldu Björk Einars - dóttur.*





## 5. VH

*Efsta röð frá vinstri:*
*Bjarki Tómasson, Arnór Ingi Jónasson, Arnar Þór Ólason, Hrafn Traustason, Jón Þór Hallgrímsson, Arnór Haukur Hjartarson.*
*Eiríkur Bergmann Henn, Sigurður Trausti Karvelsson, Vigdís Ólafsdóttir, Vilborg Helgadóttir (kennari), Guðrún Þórbjörg Sturlaugsdóttir, Tómas Alexand - er Árnason.*
*Kristín Inga Karlsdóttir, Inga Guðrún Gísladóttir, Birkir Olgeir Bjarkason, Dagný Björk Egilsdóttir, Elva Rut Árna - dóttir, Margrét Helga Guðmundsdóttir.*
*Á myndina vantar: Ölmu Dögg Torfa - dóttur, Árnýju Láru Sigurðardóttur, Jó - hann Úlfar Thoroddsen og Svövu Björk Hölludóttur.*

## 6. BJ

*Efsta röð frá vinstri:*
*Kristinn Ágúst Þórsson, Marinó Rafn Guðmundsson, Leifur Viktor Guðmunds - son, Árni Snær Ólafsson, Borghildur Jós - úadóttir (kennari).*
*Bjarki Berg Guðmundsson, Breki Berg Guðmundsson, Ragnar Leósson, Viktor Ýmir Elíasson, Svanberg Björnsson.*
*Eydís Frímannsdóttir, Svandís Erla Ólafsdóttir, Kristín Ósk Karlsdóttir, Laufey Guðnadóttir, Helena Másdóttir.*
*Ingibjörg Huld Gísladóttir, Heiður Dögg Reynisdóttir, Helga María Hafsteinsdótt - ir, Gígja Gylfadóttir.*
*Á myndina vantar Viktor Gabríel Frið - riksson.*





### 6. BÞ

*Efsta röð frá vinstri:*
*Jón Andri Björnsson, Sonja Bjarnadóttir, Berglind Þráinsdóttir (kennari), Harpa Lind Gylfadóttir.*
*Hildigunnur S. Aðalsteinsdóttir, Eygló Smáradóttir, Sigríður Mist Hjartardóttir, Gunnþórunn Valsdóttir, Agnes Ásgeirs - dóttir, Daisy Heimisdóttir.*
*Rúnar Bergmann Gunnlaugsson, Bjarki Valur Viðarsson, Sigurður Hrafn Smára - son, Fjalar Rúnarsson, Gunnar Þór Þor - steinsson, Steinþór Böðvarsson, Ágúst Heimisson.*
*Á myndina vantar Ingvar Þórisson.*



### 6. SKr.

*Efsta röð frá vinstri:*
*Hafþór Ingi Garðarsson, Orri Jónsson, Rúnar Árnason, Einar Logi Einarsson, Kristinn Hlíðar Grétarsson, Ástþór Helgi Hjálmarsson, Sigurjón Jónsson (kennari).*
*Björgvin Andri Garðarsson, Guðbergur Jens Haraldsson, Alexandra Berg, Arna Snjólaug Birgisdóttir, Ármann Steinar Gunnarsson, Þorsteinn Jónsson.*
*Gyða Björk Bergþórsdóttir, Rakel Gunn - laugsdóttir, Kristín Ragnarsdóttir, Eyja Þóra Guðjónsdóttir, Auður Dögg Eyjólfs - dóttir, Júlía Björk Elfarsdóttir.*
*Á myndina vantar: Sigurveigu Kristjáns - dóttur (kennara)*



### 7. MRJ

*Efsta röð frá vinstri:*
*Maren Helga Guðmundsdóttir, Karín Hera Árnadóttir, Helga María Skúla - dóttir, Hildur Jónsdóttir, Regína Ösp Ás - geirsdóttir, Stefanía Hallgrímsdóttir, Dag - björt Þorgrímsdóttir, Sunna Dís Jensdótt - ir, Jørgen Nilsson (kennari).*
*Fanney Sigríður Hallgrímsdóttir, Eyþór Björgvinsson, Atli Harðarson, Rúna Dís Þorsteinsdóttir, Díana Georgsdóttir, Guðrún Drífa Halldórsdóttir, Andrés Már Harðarson, Emil Kristmann Sæv - arsson,*
*Ívar Haukur Sævarsson, Ólafur Helgi Halldórsson, Einar Karl Einarsson, Aðal - steinn Sigurgeirsson, Aron Ýmir Péturs - son, Guðjón Helgi Guðmundsson, Andri Geir Alexandersson.*
*Á myndina vantar: Jón Má Brynjólfsson, Sölva Má Sigurjónsson og Margréti Rós Jósepsdóttur (kennara).*

## 7. SÓ

*Efsta röð frá vinstri:*
*Svana María Friðriksdóttir, Heiður Haraldsdóttir, Hulda María Ásgeirsdóttir, Inga Þóra Lárusdóttir, Hulda Halldórsdóttir, Ragna Lóa Sigmarsdóttir, Jóhann Ólafur Benjamínsson.*
*Auður Elísa Harðardóttir, Ögmundur Sveinsson, Björn Jónsson, Guðmundur Dagur Jóhannsson, Jón Birkir Bergþórsson, Jóhann Skúli Björnsson, Kristín Edda Egilsdóttir.*
*Andri Már Jóhannsson, Guðjón Þór Ólafsson, Ragnar Þór Gunnarsson, Bjarki Sigmundsson, Kári Víkingur Sturlaugsson, Sindri Albertsson.*
*Á myndina vantar Arnþór Inga Kristinsson, Finn Kleifar Björgvinsson, Leó Daðason, Marinó Frey Jóhannesson, Ólaf Dór Baldursson og Þorleif Þorbjörnsson og Sigríði Ólafsdóttur (kennara).*





## 8. LK

*Efsta röð frá vinstri:*
*Petra Rán Jóhannsdóttir, Laufey Karlsdóttir (kennari), Ólöf Vala Schram, Þórður Björnsson, Eva Rós Karlsdóttir.*
*Andri Már Marteinsson, Jóhanna Gísladóttir, Steinþóra Guðrún Þórisdóttir, Tómas Ævar Ólafsson, Stefán Valentínusson.*
*Arnar Jónsson, Róbert Þór Henn, Lára Guðríður Guðgeirsdóttir, Leifur Ingi Magnússon.*
*Magnús Ingimarsson, Ylfa Flosadóttir, Lísbet Sigurðardóttir, Aníta Lísa Svansdóttir, Freyja Þöll Smáradóttir.*
*Á myndina vantar: Þóreyju Hólm Heimisdóttur.*

## 8. SR

*Efsta röð frá vinstri:*
*Marías Þór Skúlason, Ísleifur Örn Guðmundsson, Hrafnkell Allan Sigurbjörnsson, Sigríður Ragnarsdóttir (kennari), Freyr Karlsson, Vilhjálmur Rúnar Vilhjálmsson.*
*Gréta Björg Björnsdóttir, Kolbrún Júlía Óladóttir, Erla Dröfn Kristjánsdóttir, Sara Björk Þorsteinsdóttir, Thelma Ýr Gylfadóttir, Eva Kristín Elfarsdóttir, Valdís Þóra Jónsdóttir.*
*Rikka Böðvarsdóttir, Ragnheiður Smáradóttir, Kristín Sandra Karlsdóttir, Páll Straumberg Guðsteinsson, Guðmundur Freyr Hallgrímsson.*
*Á myndina vantar: Evu Björk Pétursdóttur.*





## 9. GSH

*Efsta röð frá vinstri:*
*Ester María Ólafsdóttir, Maren Ósk Elí - asdóttir, Gunnar Sturla Hervarsson (kennari), Elis Veigar Ingibergsson.*
*Sveinn Halldór Helgason, Bjarni Már Stefánsson, Ásgeir Garðar Ásgeirsson, Karitas Hrafns Elvarsdóttir, Íris Ósk Jó - hannesdóttir, Guðmundur Ingi Gunnars - son.*
*Fríður Ósk Kristjánsdóttir, Ársæll Ottó Björnsson, Valgeir Valdi Valgeirsson, Al - exandra Ósk Sigurjónsdóttir, Eydís Smáradóttir, Ragnheiður Ólafsdóttir.*
*Almar Týr Haraldsson, Þórður Sölvason, Aron Þór Kristjánsson, Magnús Geir Guðmundsson, Aron Daníelsson.*
*Á myndina vantar: Dagnýju Jónsdóttur, Evu Björg Ægisdóttur, Magnús Viðarsson og Unni Ósk Magnúsdóttur.*



## 9. KH

*Efsta röð frá vinstri:*
*Helena Rúnarsdóttir, Gísli Líndal Kar - velsson, Kári Tómasson.*
*Kristbjörg María Bjarnadóttir, Vladimir Omelianov, Máni Elmarsson, Kristján Már Gunnarsson, Agla Harðardóttir.*
*Edit Ómarsdóttir, Steinunn Eik Egilsdótt - ir, Elín Björnsdóttir, Þór Birgisson, Arnar Ingólfsson.*
*Trausti Tryggvason, Björn Dan Karlsson, Bjarni Tómas Helgason, Inga Guðlaug Valdimarsdóttir, Hinrik Þór Guðbjarts - son.*
*Á myndina vantar: Evu Eiríksdóttur, Fríðu Ásgeirsdóttur, Láru Hólm Heimis - dóttur, Reyni Karl Sverrisson og Karl Hallgrímsson (kennara).*



## 10. SA

*Efsta röð frá vinstri:*
*Hrannar Hallgrímsson, Heiður Sif Heið - arsdóttir, Auður Valdís Grétarsdóttir, Kristbjörg Smáradóttir, Jón Valur Ólafs - son, Andri Þór Sigþórsson.*
*Sölvi Már Hjaltason, Birkir Örn Gylfa - son, Friðmey Jónsdóttir, Sigrún Hauks - dóttir, Unnar Valgarð Jónsson, Valgerður Valgeirsdóttir.*
*Jóhann Þorsteinsson, Guðmundur Páll Bergþórsson, Ásdís Ósk Elfarsdóttir, Kristín Mist Sigurbjörnsdóttir, Ingólfur Pétursson, Guðfinnur Gústavsson,*
*Á myndina vantar: Pálma Þór Jóhanns - son og Sigurð Arnar Sigurðsson (kenn - ara).*

***10. LJ***

*Efsta röð frá vinstri:*
*Leó Jóhannesson (kennari), Tinna Ósk Grímarsdóttir, Heiðrún Arna Friðriks - dóttir, Sigurbjörg Halldórsdóttir, Salvar Georgsson, Ragnheiður Viðarsdóttir, Karitas Gissurardóttir, Steindór Tryggva - son.*
*Ursúla Guðmundsdóttir, Sölvi Páll Ás - geirsson, Fylkir Birgisson, Axel Már Karlsson, Jón Valur Ómarsson.*
*Eyrún Jóna Reynisdóttir, Margrét Gunn - arsdóttir, Samúel Þór Guðjónsson, Krist - ján Mar Svavarsson.*
*Á myndina vantar:Elísu Guðrúnu Elís - dóttur.*





***10. EV***

*Efsta röð frá vinstri:*
*Einar Viðarsson (kennari), Gunnar Karl Sölvason, Birkir Snær Guðlaugsson, Leif - ur Ingi Vilhelmsson, Heimir Einarsson.*
*Arnar Már Guðjónsson, Margrét Elfa Ólafsdóttir, Jón Gunnar Garðarsson, Jón Ingi Þrastarson.*
*Bjarki Þór Guðjónsson, Steinar Helga - son, Ágúst Ingi Sævarsson, Marinó Árnason, Ragnar Karlsson, Bjarki Jens Gunnarsson.*
*Á myndina vantar: Írisi Bjarnadóttur og Lindu Sif Frímannsdóttur.*


# Almenni Ökuskólinn ehf

Almenn ökuréttindi
Æfingaakstur – Ökuskóli
Skellinöðrur - Dráttarvélar
Mótorhjólapróf -Meirapróf



**Vilhjálmur Gíslason, löggiltur ökukennari 862-1308**
**Sigurður Arnar Sigurðsson, löggiltur ökukennari 898-1208**

Ljóð

## Máttur náttúrunnar

*Náttúran geislar af gleði*
*eins og þegar sólin skín á himni.*
*Grasið dansar um leið og*
*lítil stelpa tiplar á tánum*
*á leið sinni í skóginn.*

*Trén snúast í hringi þegar*
*vindurinn fer sína leið*
*gegnum þau.*
*Stelpan stoppar og mænir*
*á þessi undur með sínum*
*bláu, forvitnu augum.*

*Kynjaverur gera sína leið*
*greiða, um leið og þau*
*koma auga á litlu stelpuna.*
*Þau svífa í kringum hana,*
*eins og litlar, lýsandi eldflugur.*

*Stelpan brosti og sakleysi hennar minnti*
*á lítinn þröst sem flögrar um skóginn.*
*Kynjaverurnar svifu í hringi,*
*syngjandi laðandi náttúrusöng og*
*brátt varð stelpan í þeirra hópi.*

***Villimey Sigurbjörnsdóttir, 10. SA***

## Sagan

*Snar og Snöggur*
*búa til vél.*
*Það kom mús í peysu*
*sem hljóp fram hjá vélinni.*

***Þorvaldur Arnar Guðmundsson 2.SI***

## Skólaljóð

*Ég sé krakka vera að læra.*
*Ég heyri í krökkum vera að hrópa.*
*Ég finn þorsta.*
*Ég skynja að allir eru góðir.*

***Salome Jónsdóttir 2.SI***

# „Flott fólk i

*Þeir eru komnir nokkuð á annan tuginn krakkarnir sem stýrt hafa Nemendafélagi Grundaskóla. Þeir formenn sem sátu á undan núverandi formanni, Karítas Gissurardóttur, heita Maríanna Pálsdóttir og Þórður Már Gylfason. Þau féllust á að svara nokkrum spurningum blaðamanns Púlsins.*

### Maríanna Pálsdóttir

*Hvað keyptirðu fyrir peningana sem frúin í Hamborg gaf þér? Þú mátt ekki segja já, ekki nei og hvorki svart né hvítt.*

Skólabækur.

*Voru þær dýrar?*

Ógeðslega dýrar!

*Voru þetta félagsfræðibækur?*

Nei....

*Hvað ertu að gera núna?*

Ég læri á fullu á málabraut í FVA og svo afgreiði ég líka í sjoppu.

*Hvernig kanntu við það?*

Eiginlega allt. Grundaskóli er frábær skóli með góðum kennurum sem undirbúa mann með ágætum undir frekara nám. Sérstaklega þótti mér gaman í 10. bekk.

*Saknarðu okkar?*

Já, svolítið. Ég sakna þess að vera ekki lengur í 10. bekk. Það var svo ógeðslega gaman og þar leið mér vel. En ég hlakka til þess næsta haust að hitta gamla félaga úr Grundaskóla þegar krakkarnir úr 10. bekk koma hingað í FVA.



*Dagrún, Maríanna og Maren í ferðalagi í Skorradal.*

Hvort tveggja er rosalega skemmtilegt. Hvað námið varðar er sumt erfitt. Sérstaklega það að hér í FVA hefur maður engan umsjónarkennara til að segja manni til í hverju einasta verkefni sem maður gerir eins og ég var vön úr Grundó. Hér er gerð meiri krafa um sjálfstæði nemandans. Hér lærir maður að treysta á sjálfan sig. Ég kann vel við það, enda er nú kominn tími til þess að reyna fyrir alvöru á þann þátt eftir 10 ára skólagöngu.

*Hvert er besta veganestið sem Grundaskóli færði þér á þeirri braut sem þú ert á núna?*

Það er flott fólk!

*Hefðir þú sjálf viljað gera eitthvað öðruvísi þegar þú varst í unglingadeildinni?*

Kannski lagt harðar að mér í náminu. Og taka tillit til athugasemdanna sem voru gerðar í hverjum einasta vitnisburði um að ég mætti tala minna.

*Viltu að lokum færa krökkunum sem eru núna í unglingadeildinni einhver skilaboð?*

Bara að þeir sem ætla að koma í FVA þurfa ekki að kvíða því. Fyrsta árið hefur verið alveg frábært.

# Grundaskóla“

**Þórður Már Gylfason**

*Hvað keyptirðu fyrir peningana sem frúin í Hamborg gaf þér? Þú mátt ekki segja já, ekki nei og hvorki svart né hvítt.*

Ég keypti bíl. Og svo náttúrulega kerlingu.

*Sagðirðu: „Já, svo náttúrulega kerlingu"?*

Ég sagði ekki já.

*Hvað ertu að gera núna Doddi?*

Ég er matreiðslunemi á Hótel Selfossi og svo var ég að bæta við mig réttindum í knattspyrnudómgæslu og dæmi alveg helling.

*Hvernig kanntu við það?*

Alveg „brillant". Þetta er algjör snilld, bæði að elda og dæma. Það er svo skemmtilegt við þessi störf að maður kynnist fullt af fólki í tengslum við þau.



Rut Berg og Þórður við útskriftina 2001.

*Hvert er besta veganestið sem Grundaskóli færði þér á þeirri braut sem þú ert á núna?*

Tækifærið til að fá að vera virkur í félagslífinu. Með því lærði ég að tjá mig og það efldi færnina til samskipta. Þetta var það besta sem Grundaskóli gerði fyrir mig. Ég er ekki þar með að segja að kennararnir hafi verið leiðinlegir í kennslustundunum - langt frá því. En þetta gerði svo mikið fyrir mig því ég var svo rosalega feiminn krakki. Ég var í nemendaráði öll árin í unglingadeildinni og á þeim tíma tókst mér að losa mig við alla feimni.

*Saknarðu okkar?*

Alveg sjúklega. Í nemendafélaginu var alltaf rosalega gaman og nóg að gera. Þannig á það líka að vera. Ég tók félagslífið oft fram yfir námið. Ég tók á mig mikla ábyrgð og gerði mitt til að standa undir henni. Ég þoli ekki að verða skammaður svo ég hef alltaf reynt að standa mína plikt.

*Hefðir þú sjálfur viljað gera eitthvað öðruvísi þegar þú varst í unglingadeildinni?*

Ég finn það núna að ég hefði náttúrulega átt að taka námið fastari tökum. En ég var ekkert að spá í það þá. En reyndar hefur grúskið í félagsmálunum sannarlega reynst mér öflugt veganesti.

*Viltu að lokum gefa krökkunum sem eru núna í unglingadeildinni einhver góð ráð?*

Já, ég vil hvetja þá sem hafa að einhverju að stefna í framtíðinni að nota þau tækifæri sem bjóðast í skólanum. Það er t.a.m. fáránlegt að misnota starfskynningardaginn og heimsækja vinnustað sem kemur framtíðaratvinnuáformunum ekkert við.



Ljóð

## Söknuður

*Hugsandi um þig,*
*hvar sem þú ert.*
*Þar sem myrkraverur*
*skríða,*
*þar sem enginn getur*
*gert.*
*Þar mun ég bíða.*

*Með ljósið mér við hlið,*
*ég mun koma til þín.*
*Nú verður engin bið en*
*myrkrið dregur okkur til sín.*

*Hve lengi þarf ég að bíða?*
*Hvað sem tímanum mun líða?*
*Hvenær, hvenær kemur þú til*
*mín?*

**Villimey Sigurbjörnsdóttir, 10. SA**

## Skáld

*Kennarar eru mesta ljós*
*læti allir tala*
*vinir pota í lestrarbók*
*vel kalt kala.*

**Konráð Freyr Sigurðsson 2.SI**

## Slagur

*Krakkar slást*
*úti á hól.*
*Ef þau meiðast*
*þá líður þeim illa.*

**Sigursteinn Atli Ólafsson 2.SI**

## Sjór

*Sjór er djúpur og stór*
*með þara og fiskum*
*og uppi á honum hvíla skip*
*og niðri hvílir hákarl.*

**Gréta Stefánsdóttir 2.SI**

# Frístundaval

## Nýjung í félagsstarfi unglinganna



Í haust urðu nokkrar breytingar á skipulagi félagsmála í unglingadeild Grundaskóla. Meðal þess sem breyttist var að ekki er lengur boðið upp á opið hús. Opið hús er í raun og veru afnot af húsnæði skólans til samveru. Nú er þetta sem sagt ekki lengur í boði í skólunum nema einhver ákveðin skipulögð dagskrá sé fyrir hendi.



Við þessar breytingar gafst Grundaskóla tækifæri til að bjóða upp stutt valnámskeið af ýmsu tagi. Það eru ekki einungis nemendur sem sækja þessi námskeið því þau eru ekki síður hugsuð til að efla þátttöku foreldra í skólastarfinu. Þeim gefst kostur á að sækja námskeiðin með börnunum. Á sumum námskeiðanna er það beinlínis skilyrði fyrir þátttöku að nemandi og foreldri eða eldra systkini sæki námskeiðið saman. Þessar hugmyndir voru kynntar fyrir foreldrum á árgangafundum í haust og mæltust vel fyrir.

Í vetur hafa m.a. verið haldin námskeið í glerlist, leirsmíði, skák, kleinubakstri og gítarleik.

Á myndunum sjást nokkrir nemendur á byrjendanámskeiði á gítar, í umsjón Karls Hallgrímssonar, stilla fingurna af fyrir fyrsta þvergripið.



# Hæfileikakeppnin 2002

Það var að vanda góð stemning í sal Grundaskóla þegar Hæfileikakeppni grunnskólanna á Akranesi og söngvarakeppnin Hátónsbarkinn fóru fram í október 2002. Í hæfileikakeppninni bar mest á hljómsveitum og þar var það hljómsveitin Edik sem þótti standa sig best. Hún var nokkurskonar samstarfsverkefni skólanna því hana skipuðu Birkir Snær og Jón Valur úr Grundaskóla og Vésteinn og Halli úr Brekkubæjarskóla. Besta tónlistaratriðið fluttu rappararnir Magnús Geir og Þór úr 9. bekk Grundaskóla og er þetta annað árið í röð sem Þór ber sigur úr bítum í þessum flokki. Það verður spennandi að fylgjast með því hvort Þór takist að fullkomna þrennuna á næsta ári. Frumlegast atriðið var dans- og söngatriðið „Allt í grænum sjó" í flutningi Hafmeyjanna í 8. bekk í Brekkubæjarskóla.



*Hafmeyjarnar úr Brekkubæjarskóla.*

Ekki var spennan minni í Hátónsbarkanum. Þar stigu á stokk söngvarar af báðum kynjum og úr báðum skólum og heilluðu áhorfendur með fallegum söng og viðeigandi sviðsframkomu. Niðurstaða dómnefndar kom reyndar fáum á óvart. Það var Ylfa Flosadóttir úr 8. bekk í Grundaskóla sem hlaut þann heiður að vera Hátónsbarkinn 2002 og var hún vel að því komin. Ylfa má því ekki oftar taka þátt í Barkanum en hún mun örugglega ekki láta það aftra sér frá þátttöku í þessari árlegu skemmtun. Því ætlar Púlsinn að spá því að gestir Hæfileikakeppninnar 2003 muni heyra hana syngja eða leika á eitthvert hljóðfæri með rokkhljómsveit.



*Ylfa Flosadóttir.*

# *Árgangur 1987 kveður*

Þegar við stigum fyrstu skref okkar inn í Grundaskóla vissum við í raun ekkert hvað við værum að fara að takast á við. En nú hlýtur okkur flestum að vera ljóst að erfiðið átti sannarlega eftir að skila sér, og hér stöndum við upprétt í dag, jafn föngulegur hópur og við vorum þegar við stigum þessi fyrstu skref okkar inn í heim menntunar og tækifæra.



### *6 ára hressir grislingar*

Þegar við mættum hress og kát og klár í slaginn tóku Gugga, Ólína og Gummi okkur opnum örmum, enda um óvenju glæsilegan hóp að ræða. Ansi mikill fjöldi kennara hefur fengið að spreyta sig á þessum skemmtilega árgangi síðan þá og viljum við færa þeim öllum okkar bestu þakkir fyrir liðnar stundir.

Það sem minnisstæðast er úr 1. bekk var auðvitað þegar við stigum á stokk í hænubúningum á árshátíðinni (algjörar dúllur). Það var líka mjög skondið og öllum ógleymanlegt þegar Hallberu „kerlingunni" fannst Dagný Rún ekki halda rétt á blýantinum. Tók hún sig til og teipaði hann fastan við höndina á henni. Dagný Rún grenjaði úr sér augun en Hallbera kippti sér nú ekkert upp við það. Gripið skyldi vera rétt!

Dag nokkurn var Hrönn „hin kerlingin", aðstoðarskólastjóri, sem þá var umsjónarkennari 3. H.R., í sakleysi sínu að lesa fyrir okkur bókina: „Ottó nashyrningur" og hét ein persóna bókarinnar Silla, alveg eins og hún Silla okkar. Þá gerist það í sögunni að Silla þessi er sögð elska Ottó afar heitt. Og þegar Hrönn les þetta bregst Sigurbjörg Halldórsdóttir hin versta við, verður öskureið og rýkur á dyr. Dag einn spurði Karítas Ólínu kennara af hverju hún væri svona feit. Sumir í nemendahópnum supu hveljur af skömm en Ólína svaraði á þá leið að það væri bara svo þægilegt að vera svona mjúkur. Og ekki má láta þess ógetið þegar Hrönn Ríkharðs tók eina létta „Geirmundarsveiflu" upp á kennaraborðinu.



### *Ást og afbrot*

Það greip um sig gríðarlegur ótti meðal krakkanna þegar þau tíðindi bárust út að morð hefði verið framið í Jörundarholtinu. Þegar málið tók að skýrast brá nú mestri skelfingunni af flestum því á daginn kom að það voru ekki hættulegri gæjar en þeir Birkir Örn og Hrannar sem höfðu brugðið á leik með túttubyssur og ákveðið að taka eina kanínu með sér heim í matinn.



Það varð uppi fótur og fit þegar krakkarnir uppgötvuðu hversu skemmtilegt það væri að eignast kærustu/kærasta. Á tímabilinu frá þriðja til sjötta bekkjar stóð þessi tískubylgja hvað hæst og var það farið að valda yfirvöldum skólamála á Akranesi gríðarlegum áhyggjum þegar upp komst að nokkrir ónefndir aðilar höfðu verið að „kela" og neyðarfundur var haldinn með foreldrum og kennurum.






Sumir voru heldur betur virkir í að leggja hendur á kennarana sína en verður þó aðeins eins „bardaga" getið hér. Það var þegar Gummi „kóngur" tók eitt léttgeggjað karatespark, í anda Karete-Kid, á Hrönn Ríkharðs sem hélt hún væri að falla fyrir aðalhetju myndarinnar.

Afbrotin voru ekki öll nemendanna. Í það minnsta þótti okkur það jaðra við glæp gegn unglingamenningunni þegar kennararnir Elís Þór, Sif og Borghildur tóku sig til og mættu í rapparafötum í skólann og reyndu að vera svöl á því.

Ekki bar á andfélagslegri hegðun og afbrotahneigð hjá nemendum árgangsins um nokkurt skeið enda hópurinn undir smásjá yfirvaldsins. En þegar losað var um takið í 10. bekk kom Stóra sjoppumálið upp og Einar Viðars og Siggi Arnar þurftu að dusta rykið af einkennisbúningunum. Er okkur viðbjargandi?



### *Skólaferðalög*

Svo má auðvitað ekki gleyma öllum „kickass" skólaferðunum okkar í Skorradal. Þess er sárt að minnast þegar nokkrir strákar fóru í slag við kennarana, Elís Þór og Einar, og vilja þeir gleyma þeirri orrustu, við vöðvabúntin tvö, sem fyrst, því gömlu mennirnir báru sigur úr bítum með miklum yfirburðum. Við fórum líka í margar skemmtilegar og eftirminnilegar ferðir eins og ferðina í Bláfjöll, ferðina í Skálafell og margar Reykjavíkurferðir. En ekki verður fjallað nánar um þær hér þó svo ýmislegt hafi þar verið brallað og gleðin ávallt við völd. Nú á „gamalsaldri" skiljum við að meginástæðan fyrir því hversu skemmtileg ferðalögin okkar hafa verið er sú að við höfum haft einstaklega skemmtilega og lífsglaða kennara með í för.

Að lokum viljum við þakka öllum þeim sem hafa á einhvern hátt komið að skólagöngu árgangsins. Þá viljum við þakka frábærum skóla fyrir frábæra þjónustu í gegnum tíðina. Þetta eru búin að vera góð 10 ár og minningar úr Grundaskóla eiga eftir að lifa í brjóstum okkar allra um ókomna framtíð.

***Kær kveðja, árgangur '87***


Vertu með í
Vaxtalínunni
VAXTALÍNAN
BÚNAÐARBANKINN


BLÓM OG GJAFAVARA
BÚSÁHÖLD OG LEIKFÖNG
Frábært úrval af útipottum
og bastkörfum
Bratz-dúkkur
30%
afsláttur
Silkiblóm = Úti og inni
Hljómsveitabolir
30%-50% afsláttur af kertum
Íþrótta-
sett
Verið velkomin
Sjón er sögu ríkari
GLER HÖLLIN
OPNUNARTÍMI

PÚLSINN

# hp compaq tölvur



- áreiðanlegar tölvur
- 3ja ára ábyrgð
- hágæða þjónusta
- hagstæð fjármögnun











**compaq evo n1015v**

Fermingartilboð

**169.900**

**compaq evo n1020v**

Fermingartilboð

**149.900**

**compaq evo n800v**

Fermingartilboð

**229.900**

Raðgreiðslusamningar allt að 36 mán.

invent

COMPAQ

Tölvuþjónustan á Akranesi
Vesturgötu 48
300 Akranes
Sími 4307000
tolva@tolva.is

OPIN KERFI